# FRÉTTABLAÐIÐ

58. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 9. MARS 2016




Rúmlega fimmtíu gestir voru mættir þegar haldið var upp á alþjóðlegan baráttudag kvenna með málþingi í Iðnó í gær og var yfirskrift málþingsins Konur í stéttastríði. „Það var mjög fín stemning. Mætingin hefði mátt vera betri, það var víst umtalsvert betri mæting í fyrra. Þetta var fámennt en góðmennt,“ segir Jónína Björg Magnúsdóttir, fiskverkakona á Akranesi, en hún tók til máls á þinginu. Jónína sló í gegn í fyrra þegar hún samdi baráttukvæðið Svei-attan eftir að henni og samstarfsfólki hennar var launað fyrir metafköst með íspinnum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Fréttablaðið í dag




**MARKAÐURINN** Dýrtíð er ekki farin að hafa áhrif á ferðaþjónustu, segir Óttar Snædal hjá SA.

**SKOÐUN** Bankamenn eru ekki allir eins, skrifar Ari Skúlason. 14-15

**SPORT** Sharapova í veseni. 16

**LÍFIÐ** Gekk Vasaloppet ásamt sænskri Eurovision-stjörnu. 28-30

**PLÚS 1 SÉRBLAÐ** ● **FÓLK**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

## Óttast að skólarnir nái ekki nógu vel til barnanna

**OFBELDI** Ársskýrsla Stígamóta bendir til þess að mörg börn beri harm sinn um kynferðisofbeldi og sifjaspell í hljóði. Samkvæmt henni sögðu aðeins sjö börn af þeim 125 sem leituðu til Stígamóta á síðasta ári skólastarfsmanni frá ofbeldinu.

Guðrún Jónsdóttir, talskona Stígamóta, óttast að skólarnir nái ekki nógu vel til barna sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi heima hjá sér. Skólarnir séu ekki nógu vel búnir að verklagi og áætlunum ef barn verður fyrir ofbeldi. „Við hringdum í nokkra kennara í morgun [í gær] en enginn vissi um nokkrar áætlanir. Ég veit að það eru til aðgerðaáætlanir í Kópavogi en hvort þær eru notaðar efast ég um. Það þarf að spyrja börn hvort þau viti hvert þau eigi að leita ef þau eru beitt ofbeldi.“ – snæ/sjá bls. 8



Guðrún Jónsdóttir, talskona Stígamóta

# Hundrað milljarða vöxtur á þremur árum

**Efnahagsreikningar stærstu fasteignafélaga hafa hækkað um 100 milljarða á þremur árum. Þau ráða yfir 70% leigumarkaðarins. Samkeppniseftirlitið segir fjárfestingaþörf lífeyrissjóða driffjöður vaxtarins og útilokar ekki rannsókn.**

**VIÐSKIPTI** Efnahagsreikningar þriggja særstu fasteignafélaga landsins, Eikar, Reita og Regins, hafa samanlagt stækkað um 100 milljarða á síðustu þremur árum og nemur heildarvirði fasteignasafns þeirra nú um 250 milljörðum króna. Félögin hafa keypt upp fjölda minni fasteignafélaga á síðustu árum og ráða nú 70 prósentum af markaði með leigu atvinnuhúsnæðis til ótengdra aðila á höfuðborgarsvæðinu samkvæmt mati Samkeppniseftirlitsins. Eik hefur ríflega þrefaldast að stærð á síðustu þremur árum og Reginn tvöfaldast. Stærsta fasteignafélagið, Reitir, hefur svo vaxið um fjórðung frá ársbyrjun 2013.

Í nýlegri ákvörðun Samkeppniseftirlitsins um kaup Regins á fasteignafélögum í rekstri Stefnis kemur fram að rótina að skipulagi markaðarins sé að finna í fjárfestingarþörf lífeyrissjóða. Lífeyrissjóðirnir séu stærstu eigendur og lánveitendur félaganna. Fasteignafélögin geti þannig fengið hagkvæmari fjármögnun en minni aðilar á markaði, sem treysta þurfi á fjármögnun gegnum bankakerfið. Þetta sé grundvöllur fyrir frekari vexti félaganna á næstu árum. Lífeyrissjóðir eiga beint um helmingseignarhlut í félögunum þremur. Samkeppniseftirlitið segir jafnframt að frekari samþjöppun á markaðnum sé líkleg til að verða tilefni til ítarlegri rannsókna af hálfu eftirlitsins.

> Það kemur að því að menn verða að hækka verð og setja þetta út í verðlag.



Magnús Árni Skúlason, hagfræðingur og framkvæmdastjóri Reykjavík Economics

Magnús Árni Skúlason, hagfræðingur og framkvæmdastjóri Reykjavík Economics, segir leiguverð í nýjum leigusamningum á vinsælustu verslunarsvæðum miðborgarinnar hafa hækkað um 60 prósent á síðustu fjórum árum. Ásgeir Jónsson, dósent í hagfræði við Háskóla Íslands, segir að lítið sé um nýbyggingar á atvinnuhúsnæði og því megi búast við því að leiguverð haldi áfram að hækka. Bætt nýting á húsnæði félaganna, sem var allt að 97 prósent um síðustu áramót, sé vísbending um að skortur fari að myndast á markaði sem ýti undir frekari verðhækkanir.

Magnús veltir fyrir sér hve hátt leiguverð verslunin geti borið. „Það kemur að því að menn verða að hækka verð og setja þetta út í verðlag,“ segir Magnús. – ih, sjá Markaðinn










## Veður



Skýjað með köflum eða bjartviðri, en fremur þungbúið á NA. Vaxandi SA átt og þykknar upp, hvassviðri í kvöld og rigning S- og V-lands, en hægari og þurrt að mestu í öðrum landshlutum. Hiti 0 til 5 stig. SJÁ SÍÐU 20

# Standa við tillögur um arðgreiðslur

**VIÐSKIPTI** Forsvarsmenn Sjóvá og VÍS standa við tillögur um fyrirhugaðar arðgreiðslur. Í tilkynningu frá félögunum segir að bæði félögin hafi ekki greitt út arð árin 2009-2013, og í staðinn byggt upp sterka eiginfjárstöðu.

Í tilkynningu frá Sjóvá segir að alrangt sé að breytt reikningsskil séu ástæða arðgreiðslu Sjóvár eða að arður sé greiddur úr tjónaskuld félagsins.

Í tilkynningunni segir að með nýjum reglum hækki lögboðið eigið fé eða gjaldþol fyrirtækisins. Samkvæmt þeim reiknast gjaldþolskrafan 8,6 milljarðar króna. Stefna Sjóvár sé að vera að lágmarki fjörutíu prósent yfir þessum mörkum og samkvæmt tillögu um arðgreiðslu verði félagið um fimmtíu prósent yfir þessum mörkum eftir útgreiðslu arðs.

Jafnframt er bent á að það hafi legið fyrir í mörg ár að von væri á nýjum eiginfjárreglum vátryggingafélaga en jafnframt hafi verið töluverð óvissa um hvaða áhrif þessar reglur hefðu á efnahag félaganna. Það sé meðal annars þess vegna sem Sjóvá greiddi ekki arð fyrir árin 2009-2013 heldur kaus að byggja upp sterka eiginfjárstöðu.

Í tilkynningu frá VÍS segir að samkvæmt markmiði félagsins um áhættuvilja skuli gjaldþolshlutfall samstæðunnar samkvæmt Solvency II vera um 1,5 með neðri vikmörkum í 1,35.

Stjórn félagsins ákvað að ganga heldur skemur en markmið félagsins segir til um og hefur lagt til arðgreiðslu sem færir gjaldþolshlutfallið í 1,55 eftir arðgreiðslu. Það sé fimmtíu og fimm prósent hærra hlutfall en Solvency II kveður á um sem sýni glöggt að félagið standi eftir sem áður mjög sterkt fjárhagslega. Einnig er bent á að á árunum 2009–2013 var ekki greiddur út arður hjá félaginu þrátt fyrir hagnað. **– sg**

# Tjónið enn óljóst



**Mikil eyðilegging** Iðnaðarhúsnæði við Grettisgötu í Reykjavík sem varð eldi að bráð á mánudagskvöld er gjörónýtt. Ekki þótti óhætt að fara inn í húsið í gær, en í dag meta sérfræðingar burðarþol þess með tilliti til frekari aðgerða á staðnum. Óljóst er enn hve tjónið er mikið en brunabótamat hússins er 197 milljónir króna og fasteignamatið 211 milljónir. Lögregla leitar tveggja manna í tengslum við rannsókn málsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Máttu ekki synja um tilraunaholur

**STJÓRNSÝSLA** Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála segir sveitarfélagið Ölfus ekki hafa haft málefnalegur ástæður til að synja Hveragerðisbæ um leyfi til að bora tvær tilraunaholur á vatnstökusvæði bæjarins við Árbæjarlindir.

Hveragerði á spildu við Árbæjarlindir við Ingólfsfjall. Svæðið heyrir undir lögsögu Ölfuss. Markmið borunar er að nýta neysluvatn úr skjálftasprungu. Bærinn vildi gera eignarnám á óskiptu landi og Ölfus sagði ágreining við Árborg vegna þess. Á meðan legðist Ölfus gegn framkvæmdinni. Úrskurðarnefndin segir hins vegar rannsóknarholurnar ekki fela í sér nýtingu og þær raski ekki hagsmunum annarra. **– gar**

# Ætla að ráðast gegn skemmdum á götum

**Borgarstjóri Reykjavíkur vonar að sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu og Vegagerðin samþykki í vikunni átak gegn skemmdum á götum höfuðborgarsvæðisins. Bæði á að gera við götur og endurskoða aðferðir við viðgerðirnar.**

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** „Ég setti mig í samband við vegamálastjóra og bæjarstjórana á höfuðborgarsvæðinu og allir segja sömu söguna. Það eru miklar áhyggjur af stöðu gatnakerfisins,“ segir Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri Reykjavíkur. Hann segir drög að samkomulagi milli Vegagerðarinnar og sveitarfélaganna liggja fyrir og vonar að það verði samþykkt í vikunni.

Í samkomulaginu felst mat á stöðunni, gerð framkvæmdaáætlunar og samantekt rannsókna á ástæðum slits og þeim aðferðum sem notaðar eru til viðgerða.

Dagur segir síðustu tvo vetur hafa verið erfiða fyrir gatnakerfið. „En síðan er því ekkert að leyna að eftir hrun hafa bæði sveitarfélögin og ríkið, sem ber ábyrgð á stofnvegunum á höfuðborgarsvæðinu, verið að spara alls staðar þar sem hægt er að spara og við þurfum að fara heiðarlega yfir það hvort það eigi þarna hlut að máli,“ segir Dagur.

Einnig segir hann að greina þurfi aðra þætti, líkt og aukið álag vegna ferðaþjónustu og aukins rútubílaaksturs. „Allir þyngri bílar valda meira sliti og mér finnst þurfa að ræða það hvort það sé þá ekki eðlilegt að það séu búnir til tekjustofnar til að mæta því sliti,“ segir Dagur og bætir við: „Fyrst og fremst held ég að skipti máli að allir átti sig á því að átaks sé þörf og það sé unnið skipulega að því í samvinnu allra sem að því þurfa að koma.“

Að mati Dags dugar ekki að gera einfaldlega við þær holur sem myndast hverju sinni heldur segir hann þörf á að meta hvar þurfi að fara í róttæka endurnýjun á götum. Þá segir hann þurfa að spyrja af hverju þetta sé að gerast og hvernig sé hægt að koma í veg fyrir það. „Því að þetta kostar allt peninga og er mikilvægt að þurfa ekki að endurtaka sömu viðgerðina ár eftir ár.“



Gatnaskemmdir sjást víða á höfuðborgarsvæðinu þessa dagana. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> **Allir þyngri bílar valda meira sliti og mér finnst þurfa að ræða það hvort það sé þá ekki eðlilegt að það séu búnir til tekjustofnar til að mæta því sliti.**



Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri Reykjavíkur

Mögulega var of geyst farið í niðurskurð í þessum málum eftir hrun. „Auðvitað þurfti að skera og spara alls staðar í samfélaginu eftir hrun [...] en mér finnst þurfa að fara vel yfir það eins og aðra þætti, hvort við séum að nota nægilega góð efni, hvort við séum að beita bestu aðferðum og hvort það sé eitthvað sem mætti gera öðruvísi þannig að þeir peningar sem við setjum í þetta endist lengur,“ segir Dagur.

Viðgerðir eru þegar hafnar á einstaka stöðum á höfuðborgarsvæðinu en heildarkortlagningin á viðfangsefninu er fram undan. Dagur segir hana nú setta í forgang. „Þannig að sumarið nýtist vel sem framkvæmdatími en það þarf líka að leggja lengri tíma áætlanir svo að þetta sé ekki bara áhlaupsverk í eitt skipti,“ segir Dagur.

thorgnyr@frettabladid.is






**Viðurkenndir þjónustuaðilar Toyota á Íslandi bjóða ókeypis ástandsskoðun á bremsubúnaði til og með 14. mars.**

Auk þess bjóðum við **20% afslátt*** af bremsuklossum, bremsuborðum og bremsudiskum og gefum kost á laufléttri vaxtalausri greiðsludreifingu.**

Komdu og láttu leggja mat á bremsurnar og aktu af öryggi til móts við vorið.

## Engin vandamál - bara lausnir.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Toyota Kauptúni | Kauptúni 6 | Garðabæ | 570 5070 |
| Toyota Akureyri | Baldursnesi 1 | Akureyri | 460 4300 |
| Toyota Selfossi | Fossnesi 14 | Selfossi | 480 8000 |
| Toyota Reykjanesbæ | Njarðarbraut 17 | Reykjanesbæ | 420 6610 |
| Arctic Trucks | Kletthálsi 3 | Reykjavík | 540 4900 |
| Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur | Bæjarflöt 13 | Reykjavík | 440 8000 |
| Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur | Skemmuvegi 16 | Kópavogi | 440 8000 |
| Nethamar | Garðavegi 15 | Vestmannaeyjum | 481 1216 |
| Bílatangi | Suðurgötu 9 | Ísafirði | 456 4580 |
| Bifreiðaverkstæði KS | Hesteyri 2 | Sauðárkróki | 455 4570 |
| Bílaleiga Húsavíkur | Garðarsbraut 66 | Húsavík | 464 1888 |
| Bílaverkstæði Austurlands | Miðási 2 | Egilsstöðum | 470 5070 |
| Bílageirinn | Grófinni 14a | Reykjanesbæ | 421 6901 |

*Miðast við að ísetning fari fram hjá viðkomandi viðurkennda þjónustuaðila Toyota.
**Ef þú greiðir með kreditkorti áttu kost á að dreifa greiðslum í allt að níu mánuði með vaxtalausum raðgreiðslum hjá Borgun.

**Kynntu þér betur þjónustu okkar á www.toyota.is**

Pantaðu tíma í dag.
Það er einfalt og fljótlegt.



**Málið er til rannsóknar hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Hefur játað á sig hnífstunguna

**LÖGREGLUMÁL** Maður sem situr í gæsluvarðhaldi vegna hnífstungu í Reykjavík á aðfaranótt sunnudags hefur játað verknaðinn að sögn Árna Þórs Sigmundssonar, yfirmanns ofbeldisdeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Manninum sem var stunginn er enn haldið sofandi í öndunarvél. Hann er fæddur árið 1989 eins og árásarmaðurinn.

Þá er hnífurinn sem beitt var í árásinni í vörslu lögreglu en Árni Þór vill ekki gefa upp hvar eða hvenær hann fannst. Öll lykilvitni í málinu hafa verið yfirheyrð en gæsluvarðhald yfir árásarmanninum rennur út í dag. Árni segir að ákvörðun um hvort að þess verði krafist að hann verði áfram í haldi verði tekin núna í dag.

Mennirnir eru báðir nemendur við lagadeild Háskóla Íslands. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins snerist rifrildi mannanna um þriðja aðila. Hvorugur hefur komið við sögu lögreglu áður. **– snæ**

## Kópavogur skiptir út dekkjakurli

**KÓPAVOGUR** Gúmmíkurli úr dekkjum á sparkvöllum við grunnskóla í Kópavogi verður skipt út á árinu. Þetta kemur fram í tillögu sem bæjarstjórn samþykkti einróma í gær. „Hagur barna er hafður að leiðarljósi í ákvörðun bæjarstjórnar,“ segir í tillögunni sem lögð var fram af meirihluta Bjartrar framtíðar og Sjálfstæðisflokks.

Nú þegar hefur dekkjakurl verið fjarlægt af vellinum við Lindaskóla og verður gúmmíkurli úr dekkjum nú skipt út á völlum við hina átta skóla bæjarins fyrir lok árs.

Læknafélag Íslands ályktaði um dekkjakurl haustið 2010. Þá var skorað á stjórnvöld að banna gúmmíkurl „sem inniheldur krabbameinsvaldandi efni og önnur eiturefni, á íþrótta- og leiksvæðum“. **– þea**

# Var á sextíu kílómetra hraða á brúnni þar sem Japaninn lést

**Hæstiréttur staðfesti í gær farbann yfir ferðamanni sem lenti í árekstri á einbreiðri brú þar sem annar ferðamaður lést. Lögmaður mannsins segir niðurstöðu sérfræðings hrekja önnur gögn um hraðakstur við slysið.**

**DÓMSMÁL** „Ég verð að viðurkenna að þetta þykir mér sérkennileg niðurstaða og lítil virðing borin fyrir þessum ferðamanni og mannréttindum hans,“ segir Eva B. Helgadóttir, lögmaður manns sem sætir farbanni vegna banaslyss á brú í Öræfasveit. Hæstiréttur staðfesti í gær úrskurð Héraðsdóms Suðurlands um að maðurinn verði í farbanni til 22. apríl.

Að því er kemur fram í greinargerð sem Eva lagði fyrir Hæstarétt telur verkfræðingur, sem lögreglan fékk til að meta hraða bíla í banaslysinu sem varð 26. desember síðastliðinn, bíl ökumannsins, sem nú sætir farbanni, hafa verið á 60 kílómetra hraða er slysið varð.

Ökumaðurinn er af kínversku bergi brotinn og starfar í London þar sem hann býr ásamt eiginkonu sinni. Japanskur ferðamaður lést er bílum þeirra laust saman á einbreiðri brú yfir Hólá í Öræfasveit. Þremur dögum síðar úrskurðaði Héraðsdómur Suðurlands ferðamanninn í farbann að kröfu lögreglustjórans á Suðurlandi. Farbannið, sem var fyrst til 1. mars, var framlengt til 22. apríl.

Eva segir í greinargerðinni að skjólstæðingur hennar hafi verið á 80 til 90 kílómetra hraða á klukkustund er hann nálgaðist brúna yfir Hólá. Hann hafi hægt á sér þegar hann sá til umferðar á móti. Hann hafi séð merki um 250 metra frá brúnni en ekki séð bíl koma úr gagnstæðri átt á þeim tímapunkti og ekki séð hinn bílinn fyrr en rétt áður en áreksturinn varð. Þá hafi hann verið á 60 kílómetra hraða. Í lýsingu lögreglu segi að „það sé aðeins blint yfir brúna þar sem ekið er upp lítilsháttar halla að brúnni beggja vegna frá“.

Eva segir að matsgerðir fyrrnefnds verkfræðings hafi verið lagðar til grundvallar í fjölda dómsmála.

„Það liggur því fyrir hlutlægt sönnunargagn sem unnt er að leggja til grundvallar um þann hraða sem ákærði var á þegar slysið átti sér stað. Hann var langt undir lögmæltum hámarkshraða,“ segir í greinargerð Evu sem kveður skýrslu verkfræðingsins jafnframt hrekja önnur gögn um hraða ökutækis ákærða við slysið. „Virðist hinn kærði úrskurður héraðsdóms líta algerlega fram hjá því og telur ákærði forsendur hins kærða úrskurðar byggja á mjög hæpnum grunni.“

Þá segir Eva að úrskurður Héraðsdóms Suðurlands um farbannið virðist eingöngu byggja á staðhæfingum um of hraðan akstur sem byggðar eru á upplýsingum sem lögreglan kveðst hafa aflað úr GPS-tæki úr bílaleigubíl ferðamannsins. Ekki sé réttlætanlegt að hann sæti farbanni samfleytt í nærri fjóra mánuði vegna þess að hann hafi á einhverjum tímapunkti á ferð um Suðurlandsveg ekið yfir lögmæltum hámarkshraða. Sá meinti hraðakstur sé „í engu orsakasamhengi við slysið“.

Einnig kemur fram í greinargerðinni að ferðamaðurinn telji ekki standast að hann sé settur í farbann á þeim grunni að hætta sé á að hann komist undan málsókn eða fullnustu refsingar. Hann neiti sakargiftum og telji sig hafa ekið í samræmi við aðstæður og þær merkingar sem til staðar voru.

„Orsök þess að mannsbani hlaust af slysinu er sú staðreynd að bíll ákærða lenti á hlið hins bílsins og á það eflaust þá skýringu að báðir ökumenn voru að reyna að forða slysinu án árangurs sökum plássleysis,“ segir lögmaðurinn í greinargerðinni. „Þá bendir ákærði á að merkingar við brúna eru í andstöðu við settan rétt og það kunni að hafa haft áhrif á atburðarás og orsök slyssins.“

Eva bendir einnig á að miðað við dómafordæmi í sambærilegum málum sé refsing skilorðsbundin nema í undantekningartilvikum. „Það er því ekki í samræmi við meðalhóf eða eðlilegt samhengi á milli þess að ákærði skuli sæta farbanni í fjóra mánuði og líklegrar refsingar verði hann sakfelldur fyrir brotið,“ segir lögmaðurinn og bendir á að maðurinn hafi boðið fram allt að 10 milljónum króna í tryggingu. „Örökstutt er af hvaða sökum trygging nær ekki sama markmiði og farbannið.“

Í dómi Hæstaréttar segir hins vegar að ferðamaðurinn sé undir rökstuddum grun um að hafa gerst sekur um háttsemi sem allt að sex ára fangelsisvist liggi við. „Varnaraðili er erlendur ríkisborgari sem kom til Íslands sem ferðamaður og hefur engin tengsl við landið,“ segir Hæstiréttur sem kveður ekki koma til álita að maðurinn haldi frelsi sínu gegn því að setja fram tryggingu. **gar@frettabladid.is**



**Brúin yfir Hólá í Öræfasveit er einbreið eins og fjölmargar brýr á Íslandi. Merkingar þykja sumum torráðnar fyrir erlenda ferðamenn. Hér er horft til austurs yfir brúna, en ökumaðurinn sem sætir farbanni kom akandi úr þeirri átt.** MYND/GOOGLE MAPS

> Örökstutt er af hvaða sökum trygging nær ekki sama markmiði og farbannið.
>
> Eva B. Helgadóttir lögmaður



# Telur kynferðisleg áreitni vera algenga

**JAFNRÉTTISMÁL** Kynferðisleg áreitni er algeng á íslenskum vinnumarkaði. Kynjaða menningin á Íslandi samþykkir kynferðislega áreitni, við eigum að skora þessar hugmyndir á hólm, og standa með fólki. Þetta segir Finnborg Salome Steinþórsdóttir, doktorsnemi í kynjafræði við Háskóla Íslands.

Finnborg hélt erindi um málið á fundi ASÍ um kynbundna og kynferðislega áreitni á vinnustöðum sem fram fór í gær. Fram kom á fundinum að kynferðisleg áreitni sé algeng á vinnumarkaðnum. Fjórðungur kvenna í þjónustustörfum hefur orðið fyrir kynferðislegri áreitni af hálfu yfirmanns og 22 prósent karla og 3 prósent karla í lögreglunni höfð orðið fyrir líkamlegri snertingu af kynferðislegum toga sem þau kærðu sig ekki um á síðustu sex mánuðum.

„Kynferðisleg áreitni er normalíseruð og samþykkt, fyrsta vísbending um slíkt er að tíðni af kynferðislegrar áreitni er há. Ég held við verðum að horfa á vandann svolítið heildrænt,“ segir Finnborg.

„Við erum með samfélagslegar hugmyndir sem taka ábyrgðina frá gerendanum og setja hana á hendur brotaþola og gera lítið úr áreitninni. Við drögum úr alvarleika brotanna, spyrjum brotaþola hvort þetta sé misskilningur, og höldum jafnvel að hann sé að ljúga. Við eigum að skora þessar hugmyndir á hólm, við eigum að standa með fólki og hlusta á það og ekki líta undan, því að þetta er algengt,“ segir Finnborg. **– sg**








5 ára ábyrgð
Audi
Vorsprung durch Technik
Snjór. Frost. Ís.
Skiptir engu!
Audi Q5. Fullkominn
fyrir íslenskar
aðstæður.
Verð frá kr. 7.590.000,-
2.0 TDI quattro, sjálfskiptur, 190 hö
HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · sími 590 5000 · www.audi.is




Forseti Mexíkó er ekki par hrifinn af Donald Trump. NORDICPHOTOS/AFP

# Líkir Trump við bæði Hitler og Mussolini

**MEXÍKÓ** „Harðskeyttur málflutningur á borð við þennan hefur leitt til hrikalegra atburða í mannkynssögunni. Þannig komst Mussolini til valda, þannig komst Hitler til valda,“ sagði forseti Mexíkó, Enrique Pena Nieto, um málflutning Donalds Trump í viðtali við mexíkóska dagblaðið Excelsiaor í gær.

Í viðtalinu líkti forsetinn Trump við Benito Mussolini, leiðtoga ítalskra fasista í síðari heimsstyrjöld og bandamann hans, Adolf Hitler, leiðtoga nasista í Þýskalandi.

Trump sækist eftir útnefningu repúblikana í Bandaríkjunum til forsetaframboðs og hefur forskot á helstu keppinauta sína, Ted Cruz og Marco Rubio, í baráttunni.

Eitt helsta stefnumál Trumps er að reisa vegg á landamærum Bandaríkjanna og Mexíkó sem hann segir að Mexíkóar muni borga fyrir. Þá hefur hann sagt að veggurinn myndi draga úr fjölda ólöglegra innflytjenda til Bandaríkjanna sem og eiturlyfjasmygli.

Pena Nieto segir hins vegar að ríki hans myndi ekki undir neinum kringumstæðum borga fyrir vegginn. Tekur hann þar með í sama streng og tveir fyrirrennarar hans. Vicente Fox, forseti á árunum 2000 til 2006, sagði að Mexíkóar myndu „aldrei borga fyrir þennan fjandans vegg“ í sjónvarpsviðtali í febrúar en Felipe Calderon, sem var forseti frá 2006 til 2012, sagði við samlanda sína: „Mexíkóar, við munum ekki greiða eitt einasta sent fyrir þennan heimskulega vegg.“

– þea







## Áramótum fagnað



Í Denpasar, höfuðborg Balí í Indónesíu, bera íbúar risastór líkneski í líki djöfuls sem nefnist á máli heimamanna „Ogoh-ogoh“. Í gær var haldið upp á áramót hindúa. Nýja árið hefst í dag með Nyepi eða „degi þagnarinnar“. Þá mega hindúar hvorki ferðast, vinna, kveikja á lömpum, elda né gera nokkuð annað. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Millidómstig myndi kosta 596 milljónir

**Ríkisstjórnin samþykkti í gær frumvarp innanríkisráðherra um millidómstig.**

**STJÓRNSÝSLA** Verulegar breytingar verða gerðar á stjórnsýslu dómstólanna með þeim hætti að stofnað verður nýtt dómstig, Landsréttur, og sameiginleg stjórnsýsla allra dómstiga verður færð undir nýja stofnun á vegum dómstólanna. Ólöf Nordal innanríkisráðherra segir þetta mikilvægar breytingar.

Innanríkisráðherra kynnti í ríkisstjórn í gær annars vegar frumvarp til nýrra heildarlaga um dómstóla og hins vegar frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð einkamála og lögum um meðferð sakamála. Samþykkt var að senda frumvarpið áfram í þingflokka ríkisstjórnarflokkanna til afgreiðslu. Áætlað er að heildarkostnaðaráhrif millidómstigs á ríkissjóð verði 596 milljónir króna.

„Í frumvarpinu felast mikilvægar breytingar á réttarkerfinu sem eiga að stuðla að vandaðri málsmeðferð og tryggja réttaröryggi. Við erum hér að sjá mikilvægt framfaramál. Ég hef lagt þunga áherslu á málið og bind miklar vonir við að vel takist til og vona einnig að það náist samkomulag á þinginu. Þetta er langtímaskref með langtímahugsun og bætir réttarkerfið í landinu," segir Ólöf Nordal.

> Í frumvarpinu felast mikilvægar breytingar á réttarkerfinu sem eiga að stuðla að vandaðri málsmeðferð og tryggja réttaröryggi. Við erum hér að sjá mikilvægt framfaramál.



Ólöf Nordal innanríkisráðherra

Meginmarkmið þeirra grundvallarbreytinga á dómstólaskipaninni sem frumvörpin fela í sér er í fyrsta lagi að meginreglunni um milliliðalausa sönnunarfærslu verði fylgt á áfrýjunarstigi, bæði í einkamálum og sakamálum. Þannig verði komið til móts við alþjóðlegar kröfur um milliliðalausa sönnunarfærslu á áfrýjunarstigi. Markmið frumvarpanna í öðru lagi er að létta álagi af Hæstarétti Íslands og gera honum betur fært að sinna hlutverki sínu sem fordæmisgefandi dómstóll. Loks er það markmið frumvarpanna að stuðla að vandaðri málsmeðferð í málum þar sem reynir á sérfræðileg atriði.

Lagt er til að fimmtán dómarar eigi sæti við Landsrétt og að þrír dómarar taki að meginstefnu þátt í meðferð hvers máls. Dómurum í héraði mun einnig fjölga um fjóra, eða úr 38 í 42. Sú tillaga kemur þó ekki til af stofnun millidómstigs eingöngu heldur er hún sett fram til að bregðast við nýlegum úrskurði kjararáðs um laun og starfskjör dómara. saeunn@frettabladid.is

Innovation that excites

# FÓLK EÐA FARMUR? RAFMAGN EÐA DÍSIL?




## RAFBÍLL

24kWh RAFHLAÐA - 170 KM DRÆGNI**

**NISSAN e-NV200, SENDIBÍLL.** 4.790.000KR.
**NISSAN e-NV200, 5 SÆTA.** 4.990.000KR.
**NISSAN e-NV200, 7 SÆTA.** 5.190.000KR.

## DÍSILBÍLL

1,5 L DÍSILVÉL, EYÐSLA 4,9 L/100 KM*
5 ÁRA ÁBYRGÐ/160.000 KM

**NISSAN NV200, SENDIBÍLL.** 3.490.000KR.
**NISSAN NV200, 5 SÆTA.** 3.990.000KR.
**NISSAN NV200, 7 SÆTA.** 4.190.000KR.

Nissan NV200 kemur sterkur inn sem spennandi lausn fyrir þá sem þurfa sendi- eða fólksflutningabíl í millistærðarflokki. Nýju NV200 sendibílarnir taka tvö EURO bretti og eru því hentug stærð fyrir mörg fyrirtæki. Í fólksflutningaútfærslum er hægt að velja 5 sæta útgáfu með gluggum og farangursrými aftast eða 7 sæta útgáfu með gluggum.

Nissan NV200 bílarnir eru með ríkulegan staðalbúnað með upphituð framsæti og stýri,** tímarofa á miðstöð sem hitar bílinn upp fyrir morgunakstur,** bakkmyndavél, USB og AUX tengi og handfrjálsan símabúnað svo eitthvað sé nefnt.

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri. / **Aukabúnaður í rafbílaútfærslu. 170 km uppgefin drægni hverrar hleðslu miðast við uppgefnar tölur framleiðanda við staðlaðar bestu mögulegar aðstæður.

ENNEMM / SÍA / NM73973

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

## Tölur Stígamóta um unga þolendur sifjaspella árið 2015

**Aldur þegar ofbeldi er framið eða hefst**

| ALDUR | FJÖLDI EFTIR ALDRI | |
|---|---|---|
| 0-4 | 21 | 7,2% |
| 5-10 | 78 | 26,8% |
| 11-17 | 108 | 37,1% |
| 18-29 | 62 | 21,3% |
| 30-39 | 4 | 1,4% |
| 40-49 | 2 | 0,7% |
| 50-59 | 3 | 1% |
| Ekki viss | 13 | 4,5% |

ALLS 291 MANNS

79,3 % sifjaspellamála gerast á heimili brotamanns, brotaþola eða í öðru heimahúsi.



**Fjöldi þeirra sem leituðu til Stígamóta árið 2015 vegna sifjaspella**

98 konur – 39% af heildarfjölda kvenna

27 karlar – 67,5% af heildarfjölda karlmanna

7 af 125 sem leituðu til Stígamóta árið 2015 vegna sifjaspella höfðu sagt skólastarfsmanni frá ofbeldinu. Það er meira en helmingi færri en sögðu geðlækni frá.



# Fá segja frá kynferðisofbeldi í skólum

**Ársskýrsla Stígamóta bendir til þess að mörg börn beri harm sinn um kynferðisofbeldi og sifjaspell í hljóði. Nærri 34% þeirra sem leituðu til samtakanna vegna sifjaspella höfðu ekki sagt fagaðilum frá. Ekkert samræmt kerfi er til vegna slíks ofbeldis í grunnskólum.**



Snærós Sindradóttir
snaeros@frettabladid.is

**OFBELDI** Aðeins sjö af 125 sem leituðu til Stígamóta á síðasta ári vegna sifjaspella sögðu skólastarfsmanni frá ofbeldinu. Þetta kemur fram í nýrri ársskýrslu Stígamóta.

Margir leita á hverju ári til Stígamóta vegna misnotkunar í æsku. Í fyrra leituðu 302 til samtakanna í fyrsta sinn. Af þeim skráði 291 þeirra út tölfræðilega marktæka skýrslu um ofbeldið. Ríflega 70 prósent þeirra höfðu orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi sem börn. Þar af 21 fyrir fjögurra ára aldur. Þá höfðu 78 verið beittir ofbeldi þegar þeir voru fimm til tíu ára.

Hlutfall þeirra sem leituðu til skólastarfsmanns (7 af 125) til að greina frá sifjaspellum sem þeir höfðu orðið fyrir er sagt mjög lágt miðað við aðra fagaðila. Sem dæmi má nefna að 15 greindu lækni frá ofbeldinu og 11 greindu fagaðila í vímuefnameðferð frá ofbeldinu. Tekið skal fram að þetta fólk er að leita til Stígamóta árum og jafnvel áratugum eftir að ofbeldinu hefur lokið.

Guðrún Jónsdóttir, talskona Stígamóta, óttast að skólarnir nái ekki nógu vel til barna sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi heima hjá sér. Skólarnir séu ekki nógu vel búnir að verklagi og áætlunum ef barn verður fyrir ofbeldi. „Við hringdum í nokkra kennara í morgun [í gær] en enginn vissi um nokkrar áætlanir. Ég veit að það eru til aðgerðaáætlanir í Kópavogi en hvort þær eru notaðar efast ég um. Það þarf að spyrja börn hvort þau viti hvert þau eigi að leita ef þau eru beitt ofbeldi.“

Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, segir að ekkert samræmt kerfi sé til í skólum borgarinnar varðandi kynferðisofbeldi gegn börnum. „En við höfum verkefni eins og Blátt áfram sem er í raun leikþáttur með brúðum fyrir yngri börn. Í þeim skóla þar sem ég var skólastjóri var þetta sýnt ákveðnum árgöngum og skólasálfræðingur, námsráðgjafi og kennarar fylgdust með börnunum á meðan sýningin fór fram.“

„Kynferðisbrotamenn búa til leyndarmál í kringum þetta og læsa börnin af þannig að þau ná ekki að tjá sig. Við höfum uppálagt starfsmönnum að kunna að hlusta eftir merkjunum. Það á við um starfsfólk í frístundastarfi líka,“ segir Helgi.

Málin séu flókin og einkenni ofbeldis geti verið misjöfn eftir börnum. „Það eru þessi viðbrögð sem börnin sýna, bæði við sögum en líka hvernig þau bregðast við snertingu og svo varðandi þrifnað og slíkt. Á unglingsárunum reyna börn stundum að gera sig eins ógeðsleg og hægt er svo að enginn vilji koma nálægt þeim. Það er eitt af þessum þekktu viðbrögðum fórnarlamba kynferðisofbeldis.“

Helgi segir að markmiðið sé að auka samræmingu á milli skóla og upplýsingar. „Það er kominn starfsmaður hjá okkur sem er farinn að sinna þessum málum.“

## Maður fannst heill á húfi

**FERÐAMENN** Björgunarsveitir fundu í gærkvöldi göngumann sem hafði fyrr um daginn óskað eftir aðstoð þegar hann var í villum á Fimmvörðuhálsi.

Fram kom í tilkynningu að hann hafi verið staddur ofan í gili, ekki langt frá Fimmvörðuskála sem er efst á hálsinum. Ekki væsti um manninn, sem var búinn að tjalda og koma sér ofan í svefnpoka. **– sg**

## Undrast afstöðu sveitarstjórnar til frumvarps

**STJÓRNMÁL** „Mér kemur mjög á óvart ef sveitarfélag sér ekki fyrir sér að því verði tryggður með lögum tekjustofn til þess að mæta straum af uppbyggingu á ferðamannastöðum,“ segir Róbert Marshall um gagnrýni sveitarstjórnar Bláskógabyggðar á frumvarp þingmanna Bjartrar framtíðar varðandi uppbyggingu á ferðamannastöðum.

„Með þessu frumvarpi er verið að reyna með einfaldari hætti heldur en hingað til hefur verið gert að búa til möguleikann á því að bregðast við ástandinu,“ segir Róbert.

Í bókun sinni, sem Fréttablaðið sagði frá í gær, kallar sveitarstjórn Bláskógabyggðar eftir lausn á landsvísu fremur en að hvert sveitarfélag fái vald til að veita leyfi til gjaldtöku vegna nýtingar ferðamannastaða. Það auki flækjustig og mismuni sveitarfélögum.

„Ég er algerlega ósammála þessu. Auðvitað yrði þetta bara á ferðamannastöðum þar sem er ástæða til þess að vera með uppbyggingu,“ segir Róbert og minnir á mikla fjölgun ferðamanna á síðustu árum og spár um 40 prósent fjölgun á þessu ári. „Ég myndi halda að það kallaði á ígildi neyðaráætlunar ef menn ætla að bregðast við með almennilegum hætti á mörgum stöðum.“



**Róbert Marshall, þingmaður Bjartrar framtíðar**

Þá segir Róbert ekki útlit fyrir að málið leysist á landsvísu, verkefnið hafi verið ríkisstjórninni ofviða. „Þau hafa ekki ráðið við þetta og frumvarpið er tilraun til þess að búa til lagaramma sem gerir sveitarfélögunum kleift að mæta ástandinu.“ **– gar**

www.volkswagen.is




Nýr Volkswagen Caddy

**Glæsilegur vinnubíll**

Við kynnum til leiks fjórðu kynslóð af vinsælasta atvinnubíl á Íslandi undanfarin ár. Enn meiri staðalbúnaður, aukið öryggi og öflugri vélar eru aðeins nokkur atriði sem gera hinn nýja Caddy svo aðlaðandi. Nú kemur Caddy líka í fimm og sjö manna fjölskylduútfærslu með nálgunarvara og loftpúðum fyrir ökumanns- og farþegarými.

Nýr Volkswagen Caddy kostar frá

**2.670.000 kr.**

(2.135.226 kr. án vsk)

Atvinnubílar

**HEKLA býður gott úrval atvinnubíla og góða þjónustu.**

www.volkswagen.is

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · sími 590 5000 · hekla.is · umboðsmenn um land allt:
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði







**Easyloc plastparket**
Þykkt 6 mm. Plankastærð 193 x 1380 mm. Verð á m².




**Zero plastparket, Leeds**
Þykkt 4 mm. Plankastærð 192 x 1280 mm. Verð á m².




**Zero plastparket Derby**
Þykkt 5 mm. Plankastærð 192 x 1280 mm. Verð á m².




**Aktion rústík parkett**
Eik 3ja stafa. Þykkt 13 mm. Plankastærð 185 x 2200 mm. Verð á m².




**Trendtime 4 parket, burstuð eik**
Þykkt 13 mm. Plankastærð 160 x 2010 mm. Burstuð og lökkuð eik. Verð á m².




**Trendtime 8 parket, burstuð eik**
Þykkt 15 mm. Plankastærð 190 x 1882 mm. Verð á m².




**Trendtime 8 parket, seaport eik**
Þykkt 15 mm. Plankastærð 190 x 1882 mm. Verð á m².




**Trendtime 4 parket, kirsuberja**
Þykkt 13 mm. Plankastærð 160 x 2010 mm. Verð á m².

Tilboðið gildir frá miðvikudeginum 9. mars til og með sunnudeginum 13. mars. Gildir á meðan birgðir endast.

BAUHAUS®

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2–4 - 113 Reykjavík - 515-0800 - info@bauhaus.is - www.bauhaus.is

# Samkomulagið við Tyrkland gagnrýnt

**Væntanlegt samkomulag Evrópusambandsins og Tyrklands sagt geta stangast á við alþjóðalög og reglur ESB. Hugmyndin er að í staðinn fyrir hvern sýrlenskan flóttamann, sem sendur er til baka til Tyrklands, taki ESB við einum sýrlenskum flóttamanni frá Tyrklandi.**



Flóttamaður í Tyrklandi kveikir í buxum til að búa til lítinn varðeld, skammt frá landamærabænum Idomeni þar sem tugir þúsunda flóttamanna bíða átekta. NORDICPHOTOS/AFP

**TYRKLAND** Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna segir að væntanlegt samkomulag Evrópusambandsins við Tyrkland geti stangast á við bæði alþjóðlega mannréttindasáttmála og reglur Evrópusambandsins sjálfs.

„Fjöldabrottrekstur útlendinga er bannaður samkvæmt Mannréttindasáttmála Evrópu,“ sagði Vincent Cochetel, svæðisstjóri Flóttamannastofnunarinnar í Evrópu. Slíkt myndi stangast á við bæði Evrópulög og alþjóðalög. Hann segir líka fráleitt að hægt verði að stöðva flóttamannastrauminn frá Sýrlandi með þessum ráðstöfunum: „Á meðan ekki er búið að finna lausn á átökunum, þá er það bara hugarburður að halda að fólk muni ekki reyna að koma sér burt.“

Filippo Grandi, flóttamannafulltrúi Sameinuðu þjóðanna, sagðist hafa verulegar áhyggjur af því að ekki verði tekið nægilegt tillit til alþjóðareglna: „Því aðeins má senda hælisleitanda til þriðja ríkis ef það ríki taki á sig ábyrgðina á því að meta efnislega umsókn viðkomandi hælisleitanda,“ segir hann.

Meginkjarninn í samkomulaginu, sem rætt var á leiðtogafundi Tyrklands og Evrópusambandsins á mánudag, snýst um að hér eftir verði öllu flóttafólki, sem kemur til Grikklands frá Tyrklandi, snúið aftur til Tyrklands.

Á móti skuldbindi Evrópusambandið sig til þess að taka við einum sýrlenskum flóttamanni, sem kominn er til Tyrklands, í staðinn fyrir hvern sýrlenskan flóttamann sem Tyrkir taka við frá Grikklandi.

Að auki muni ESB hraða samningum um að Tyrkir þurfi ekki lengur vegabréfsáritun til að ferðast til ESB-ríkjanna, ásamt því hraða eitthvað aðildarviðræðum Tyrkja.

Áfram verður unnið að nánari útfærslu samkomulagsins, en til stendur að afgreiða það á leiðtogafundi Evrópusambandsins dagana 17. og 18. mars næstkomandi.

Angela Merkel, kanslari Þýskalands, segir að samkomulagið marki tímamót verði það að veruleika. Hún hefur hins vegar verið gagnrýnd fyrir að ætla að stóla algerlega á að Tyrkland leysi vandann fyrir Evrópusambandið.

> **Fjöldabrottrekstur útlendinga er bannaður samkvæmt Mannréttindasáttmála Evrópu.**
>
> Vincent Cochetel, svæðisstjóri Flóttamannastofnunar S.Þ. í Evrópu

Hluti af samkomulaginu verður að hraða þriggja milljóna evra greiðslu frá Evrópusambandinu til Tyrklands, sem lofað var í október, auk þess sem Tyrkir hafa nú óskað eftir frekari greiðslum.

„Í Tyrklandi eru nær þrjár milljónir flóttamanna og landið hefur lagt gríðarmikið af mörkum árum saman,“ segir William Spindler, talsmaður Flóttamannastofnunarinnar S.Þ. í Evrópu, „en á þó í mesta basli með að sinna grunnþörfum síaukins fjölda Sýrlendinga.“

gudsteinn@frettabladid.is

FUDGE
Mættu og taktu númer
Rakarastofan Klapparstíg
S: 5513010

## Forsvarsmenn Airbnb mótfallnir takmörkunum

**FERÐAÞJÓNUSTA** Sofia Gkiousou, yfirmaður opinberrar stefnu Airbnb á Íslandi, segir Airbnb fagna því að breyta lögum um veitingastaði og skemmtanahald og einfalda þannig regluverk í kringum útleigu til ferðamanna á Íslandi. Hún segir hins vegar níutíu daga takmörkun á leigutíma og við tvær eignir vera of takmarkandi fyrir Airbnb-gestgjafa á Íslandi. Þetta kemur fram í bréfi hennar til atvinnuveganefndar.

Í bréfinu segir að notendur Airbnb sem leigi út heimili sín séu ekki að reka fyrirtæki, þeir séu ekki fasteignafjárfestar. Með útleigu á Airbnb séu þeir ekki endilega að fjárlægja eignir af húsnæðismarkaðnum sem gætu verið nýttar undir eitthvað annað. Þetta sé venjulegt fólk sem vilji af ýmsum ástæðum nýta pláss sitt til að taka á móti gestum og auka tekjur fjölskyldunnar, umfram hefðbundnar vinnutekjur.

Gkiousou bendir á að flestar borgir í heiminum takmarki ekki rétt íbúa til að deila heimili sínu með greiðandi gesti. Hún telur að það sé of langt gengið að takmarka útleigu til ferðamanna við tvær fasteignir. Í London þar sem er mikill húsnæðisvandi séu ekki takmörk við fjölda fasteigna, einungis við fjölda daga.

Gkiousou leggur til að takmarka ekki fjölda fasteigna til útleigu, og að setja 120 daga takmörkun á útleigu íbúða í þéttbýli en engin takmörk á fasteignir á landsbyggðinni. – sg



**Forsvarsmenn Airbnb vilja bara takmarka útleigutíma í þéttbýli og þá við 120 daga í stað 90.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



IÐNÞING
**2016**

# STÓRA MYNDIN

## Öflugur iðnaður – gott líf

Hilton Reykjavík Nordica 10. mars kl. 14.00–16.30

Hvað kennir sagan okkur? Hverjar eru helstu áskoranir sem við stöndum frammi fyrir og hvað bíður okkar í framtíðinni? Á Iðnþingi stefnum við saman fólki með ólíka sérfræðiþekkingu til að ræða meginstrauma í samfélagi og atvinnulífi.

### Dagskrá

Ávarp Guðrúnar Hafsteinsdóttur, formanns SI
Ávarp iðnaðarráðherra, Ragnheiðar Elínar Árnadóttur

**SAGAN**
Sagnfræðingarnir Guðni Th. Jóhannesson og Stefán Pálsson ræða saman um sögu iðnaðar og atvinnulífs á léttum nótum

**GRÆNU LAUSNIRNAR**
Ágúst Torfi Hauksson, *framkvæmdastjóri Norðlenska*
Magnús Þór Ásmundsson, *forstjóri Alcoa Fjarðaáls*
Margrét Ormslev Ásgeirsdóttir, *fjármálastjóri Carbon Recycling International*

**TÆKNIBYLTINGIN**
Ragnheiður H. Magnúsdóttir, *Business Manager Inside Sales, Marel*
Ólafur Andri Ragnarsson, *Technical Visionary, Novomatic Lottery Solutions*
Soffía Theódóra Tryggvadóttir,*framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar, Greenqloud*

**FÓLKIÐ**
Gestur Pétursson, *forstjóri Elkem Ísland*
Kristinn D. Grétarsson, *forstjóri Orf líftækni*
Þóranna Jónsdóttir, *deildarforseti viðskiptadeildar HR*

**STÓRA MYNDIN**
Gylfi Gíslason, *framkvæmdastjóri JÁVERK*
Jón Sigurðsson, *forstjóri Össurar*
Ólöf Nordal, *innanríkisráðherra*
Almar Guðmundsson, *framkvæmdastjóri SI*

**Allir velkomnir – skráning á si.is**



SI Samtök iðnaðarins

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA 16-0744

# Vill ekki tryggja Trump eða Cruz sigurinn

**BANDARÍKIN** Michael Bloomberg, fyrrverandi borgarstjóri í New York, segist ekki geta hugsað sér að framboð sitt yrði til þess að koma Donald Trump eða Ted Cruz í forsetaembætti Bandaríkjanna.

Hann hefur því ákveðið að taka ekki þátt í forsetakosningum í Bandaríkjunum í haust. Hann sendi frá sér yfirlýsingu um þetta á mánudagskvöld.

„Eins og kosningabaráttan stendur núna, með repúblikana í meirihluta í báðum þingdeildum, þá eru góðar líkur á því að framboð mitt myndi verða til þess að Donald Trump eða öldungadeildarmaðurinn Ted Cruz yrðu kosnir,“ segir Bloomberg í yfirlýsingu sinni. „Þetta er ekki áhætta sem ég get tekið með góðri samvisku.“

Hann fordæmdi Trump harðlega, sagði hann hafa stundað kosningabaráttu sína af meiri sundrungargirni og lýðskrumi en menn hafi átt að venjast.



**Michael Bloomberg óttast að framboð sitt geti gert illt verra.**

Trump þykir sigurstranglegastur af frambjóðendum Repúblikanaflokksins, þótt enn sé ekki útilokað að Ted Cruz eða jafnvel Marco Rubio hafi betur á endanum.

Bloomberg er einn af ríkustu mönnum heims. Hann er í áttunda sæti á nýjasta auðkýfingalista Forbes-tímaritsins og eru auðæfi hans þar metin á 40 milljarða dala, og slær hann þar Donald Trump við svo um munar því Trump er í 324. sæti á sama lista með 4,5 milljarða dala. – gb











**BOSCH - Þvottavél**
WAT 286B8SN

Vindur upp í 1400 sn./mín. Kolalaus, hljóðlátur og sparneytinn mótor með 10 ára ábyrgð. i-Dos: Sjálfvirk skömmtun fyrir fljótandi þvottaefni. Sérkerfi: Dúnkerfi, dökkur þvottur, skyrtur, blandaður þvottur, ull og fleira. Stór LED-snertiskjár. Með íslensku stjórnborði.

Tækifærisverð:
**119.900 kr.**
(Fullt verð: 149.900 kr.)




**BOSCH - Þurrkari**
WTW 874B8SN

Gufuþétting, enginn barki. Sjálfhreinsandi rakaþéttir. Sérkerfi: Ull, blandaður þvottur, handklæði, íþróttafatnaður, hraðkerfi 40 mín., skyrtur og fleira. Krumpuvörn í lok þurrkunar. Stór LED-skjár. Lýsing í tromlu. Með íslensku stjórnborði.

Tækifærisverð:
**129.900 kr.**
(Fullt verð: 169.900 kr.)

Bosch þvottavél og þurrkari í hæsta gæðaflokki á afar hagstæðu Tækifærisverði.

Opið virka daga frá kl. 11 til 18 og á laugardögum frá kl. 11 til 16.

BOSCH
BÚÐIN
Hlíðasmára 3 · Sími 520 3090
www.bosch.is




Í borginni eru 18 prósent lögreglumanna konur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Hér eru allt of fáar konur í lögreglunni að mati SÞ

**Í nýrri skýrslu frá nefnd Sameinuðu þjóðanna (SÞ) um afnám allrar mismununar gegn konum eru lagðar til aðgerðir til að auka hlut kvenna innan bæði lögreglu og í Hæstarétti. Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu tekur vel í hugmyndina.**

**STJÓRNSÝSLA** Íslenskar lögreglukonur eru allt of fáar og sjónarmið kvenna heyrast ekki í Hæstarétti. Þetta segir í nýrri skýrslu nefndar á vegum Sameinuðu þjóðanna. Nefndin vinnur samkvæmt Kvennasáttmála Sameinuðu þjóðanna [á ensku: CEDAW] og telur mikilvægt að hér verði gripið til aðgerða.

„Ísland á lof skilið fyrir hátt hlutfall kvenna á þingi (43 prósent) og fagnar því að innanríkisráðuneytið hefur gert ráðstafanir til að fjölga konum í framvarðarsveit lögreglunnar. Nefndin hefur aftur á móti miklar áhyggjur af því hve fáar konur eru lögregluþjónar, hve fáar konur starfa við Hæstarétt og hve fáar konur eru við ákvarðanatöku í utanríkisþjónustunni og sveitarstjórnum,“ segir í skýrslunni.

Þá segir: „Nefndin mælir með að ríkið ráðist í skjótar og hnitmiðaðar aðgerðir með skýrum tímaramma ... til að fjölga konum innan lögreglunnar hratt, fjölga konum í Hæstarétti og í ákvarðanatöku í utanríkisþjónustunni, til að mynda á meðal sendiherra.“

Samkvæmt tölum frá ríkislögreglustjóra frá 1. febrúar 2015 var hæst hlutfall kvenna á meðal starfandi lögregluembætta hjá sérstökum saksóknara, eða 32 prósent. Hjá ríkislögreglustjóra eru 95 prósent starfandi lögreglumanna karlar og engin kona starfar hjá lögreglustjóranum á Norðurlandi vestra. Ein kona er skipuð í Hæstarétt á Íslandi.

Sigríður Björk Guðjónsdóttir, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu, segist fagna þessari hvatningu frá Sameinuðu þjóðunum. „Mér líst vel á þetta. Ég trúi því að það sé heppilegt fyrir alla vinnustaði að hafa sem jafnast kynjahlutfall.“

Sigríður segir það mikilvægt að kynjahlutfall sé jafnt svo þjónusta lögreglunnar endurspegli samfélagið. „Við erum að þjóna samfélagi sem er til jafns sett konum og körlum. Ég get ekki ímyndað mér annað en að það sé til góðs að við fjölgum konum í lögreglunni.“

Tölur ríkislögreglustjóra sýna að hjá borgaralegum starfsmönnum lögreglunnar eru konur fleiri í nokkrum flokkum. Lögfræðingar lögreglunnar eru í 67 prósentum tilfella konur. Konur eru í 86 prósentum tilfella skrifstofumenn hjá lögreglunni og þrettán konur starfa við ræstingar hjá lögreglunni en einn karlmaður. Landamæraverðir eru í fleiri tilfellum konur. snaeros@frettabladid.is



**Við erum að þjóna samfélagi sem er til jafns sett konum og körlum. Ég get ekki ímyndað mér annað en að það sé til góðs að við fjölgum konum í lögreglunni.**

Sigríður Björk Guðjónsdóttir, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu



# Danskir dagar




## Jensen´s
BBQ og BBQ smoked svínarif
*- sem þarf aðeins að hita í ofni eða á grilli*



## Jensen´s
Pulled Chicken og Pulled Pork






**Jensen's sósur**
- *Bearnaisesósa*
- *Piparsósa*
- *Favorit-sósa*
- *Whisky-sósa*




**Kims All In**
*Epic Beef, Much Chili, Pizzza og Cheezburger.*

*direkte fra* **Danmark**




**Toms súkkulaðiálegg**
*Ljóst og dökkt.*

*Ekta dönsk lifrakæfa* — *direkte fra* **Danmark**




**Tulip kæfur**
*2 tegundir.*

*Nýtt í Hagkaup* — *direkte fra* **Danmark**




**Franskar vöfflur**
*Vanillu, súkkulaði og heslihnetu.*

*direkte fra* **Danmark**




**Harboe safi**
*Hreinn safi - ekta danskur.*

*direkte fra* **Danmark**




**Ga-Jol og Spunk**
*Lakkrís og gúmmí.*

*Nýtt í Hagkaup* — *direkte fra* **Danmark**



**Anton Berg sælkeralakkrís**
*Strong salty, Mint rasberry, Salty Chocola, Citrus Chocola og Mild sweet.*

*Nýtt í Hagkaup* — *direkte fra* **Danmark**




**Sun Lolly**
*Blackcurrant og Brain Bites.*

*Gildir til 13. mars á meðan birgðir endast.*

24 Hagkaup **OPIÐ** allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan, Spöng & Eiðistorg

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

# Baráttan



Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is

Í gær var alþjóðlegum baráttudegi kvenna fagnað. Samdægurs birtu Stígamót ársskýrslu sína en þar kom meðal annars fram að í fyrra leituðu 330 einstaklingar til samtakanna vegna kynferðisbrotamála í fyrsta skipti. Alls leituðu 667 einstaklingar á náðir samtakanna í fyrra.

Á mánudag birtu Sameinuðu þjóðirnar skýrslu sem tekur sérstaklega til Íslands um afnám allrar mismununar gegn konum. Þar lýsa samtökin yfir áhyggjum af því að fjöldi ofbeldismála gegn konum sé að aukast og einnig af fjölda kynferðisbrotamála gegn konum sem ekki rata alla leið fyrir dómstóla. Nefndin lýsir auk þess áhyggjum af því að ekki hafi verið farið í saumana á því lagalega af hverju svo fáar sakfellingar verða í kynferðisbrotamálum og kvartar yfir því að engin þjóðaráætlun sé til gegn kynferðisofbeldi sem og heimilisofbeldi gegn innflytjendum og konum sem glíma við fötlun.

Undanfarin misseri hafa einkennst af kvennabaráttu. Samfélagsmiðlabyltingar, mótmæli og kröfugöngur eru aðeins toppurinn á ísjakanum í grasrótarbyltingum sem orðið hafa til að rétta hlut kvenna, ekki síst þegar kemur að kynbundnu ofbeldi. „Umræðan opnaðist á árinu og það var mikill kraftur í grasrótinni. Fólk er farið að tala og lætur ekki þagga niður í sér. Kynferðisofbeldi er mun sýnilegra en áður, hvort það er meira vitum við ekki, en við vitum um fleiri mál,“ sagði Guðrún Jónsdóttir, talskona Stígamóta, á kynningarfundi í gær.

Kæruhlutfall nauðgana var lægra í fyrra en árið 2014 en á sama tíma voru færri nauðganir tilkynntar. Ellefu hópnauðganir voru tilkynntar. Aðeins 8,8 prósent af þeim nauðgunum sem tilkynntar voru til Stígamóta á síðasta ári voru kærðar til lögreglu, samanborið við 13,2 prósent árið 2014. „Aðeins þessi 8,8 prósent fara inn í opinber gögn, allt annað eru utangarðsupplýsingar, miðað við opinbert kerfi. Þess vegna er enn mikilvægara að við komum því á framfæri hvernig heimurinn lítur út um gluggann hjá Stígamótum,“ sagði Guðrún.

Fleiri upplýsingar frá Stígamótum vekja athygli. Töluvert fleiri nauðganir voru tilkynntar til samtakanna en á Neyðarmóttöku fyrir fórnarlömb nauðgana. Í máli Guðrúnar kom fram að Neyðarmóttakan hafi, líkt og aðrar heilbrigðisstofnanir, fengið að finna fyrir niðurskurði undanfarin ár. „Það hefur stöðugt verið þrengt að Neyðarmóttökunni, með fagfólki, fjármagni og aðstöðu og það er óásættanlegt. Þessu þarf að breyta.“

Í skýrslu Sameinuðu þjóðanna eru yfirvöld hvött til að styrkja lagalega vernd kvenna fyrir ofbeldi. Ríkið er hvatt til að ákæra og dæma nauðgara og greina af hverju það gengur svona óskaplega illa, ásamt öðru.

Taka ber undir þessa hvatningu Sameinuðu þjóðanna enda líklegt að færri einstaklingar gangi hér um daprir, kvíðnir, með lélega sjálfsmynd og sektarkennd ef tekið verður með sómasamlegum hætti á þessum brotaflokki.

**Ríkið er hvatt til að ákæra og dæma nauðgara og greina af hverju það gengur svona óskaplega illa, ásamt öðru.**


## STEFNUÞING MÁLBJARGAR

STEFNUÞING MÁLBJARGAR - FÉLAG UM STAM

Laugardaginn 12. mars nk. heldur Málbjörg - Félag um stam stefnuþing um hver markmið og tilgangur félagsins eigi að vera á komandi misserum.

Það verður haldið í sal Gullfoss B í Reykjavík Fosshótel, Þórunnartúni 1, 105 Reykjavík.

Dagskrá
10:00 - 12:00 Kynning á meðferðarúrræðum gegn stami
12:00 - 13:00 Hádegishlé
13:00 - 16:00 Stefnuþing

• Gildi félagsins • Framtíðar verkefni • Helstu hagsmunamál • Hvað getur félagið gert fyrir fólk sem stamar

Kaffihlé verður gert inná milli og hádegisverður verður í boði gegn vægu gjaldi.

Félagsmenn og þeir sem eru áhugasamir um stam eru hvattir til að taka þátt um framtíð félagsins.

Nánari upplýsingar: malbjorg@gmail.com

Stam.is • facebook.com/StamfelagidMalbjorg


## Halldór




## Frá degi til dags

**Kærkomin hvíld**

**Fréttir af tillögum stjórna vátryggingafélaga um milljarða arðgreiðslur til handa hluthöfum hafa vakið nokkra eftirtekt. Og viðbrögð Félags íslenskra bifreiðaeigenda hafa verið hörð, með ásökunum á hendur tryggingafélögunum um sjálftöku um leið og Fjármálaeftirlitið er sakað um vanrækslu. Sitt sýnist hverjum um arðgreiðslurnar en vafalaust má halda því fram að tryggingafélögin hafi orðið fyrir einhverjum orðsporshnekki undanfarna daga. Sennilegast eru engir fegnari umræðunni en Steinþór Pálsson og Haukur Oddsson. Að fá kærkomna hvíld frá umræðunni um Borgun og valréttina.**

**Góðærisvandamál**

**Það eru alltaf að sjást fleiri og fleiri merki um að Íslendingar hafi rétt úr kútnum eftir kreppu og sigli inn í annað góðæri. Teikn sem sjást á lofti eins og hækkandi húsnæðisverð og síaukinn bílainnflutningur vekja marga til umhugsunar. Vísir greindi svo frá því í gær að rekstraraðilar Kringlunnar og Verzlunarskólinn eru komnir í hár saman vegna bílastæða á lóð Kringlunnar. Verzlingar hafa hingað til getað nýtt sér bílastæðin en er nú meinað það vegna fjölgunar viðskiptavina. En vísast geta Verzlingar prísað sig sæla ef stærsta vandamálið sem við nemendunum blasir nú um mundir er bílastæðavandamál.**

**jonhakon@frettabladid.is**

# Samstaða verður ekki úrelt



Drífa Snædal
framkvæmdastjóri Starfsgreinasambands Íslands

Ef við berum fyrir okkur stórkarlalegar myndlíkingar úr hermáli þá er „víglínan“ á vinnumarkaðinum skýr þessa dagana. Starfsfólk álversins í Straumsvík á í harðri baráttu við alþjóðlegt stórfyrirtæki um kaup og kjör. Í fyrstu fjallaði málið um heimild fyrirtækisins til verktöku en það var hluti af kjörum starfsfólksins að verktaka væri takmörkuð og að undirverktakar byðu sínu starfsfólki sömu laun og væri það starfandi beint fyrir fyrirtækið. Það er leið til þess að viðhalda þeim kjörum sem samið hefur verið um fyrir allt starfsfólkið en ekki bara suma sem koma að störfum fyrir fyrirtækið. Fyrirtækið sjálft var þannig ábyrgt fyrir ákveðnum kjörum gagnvart öllum sem þjónusta það og mætti svo vera um fleiri fyrirtæki.

Verkalýðshreyfingin hefur barist fyrir svokallaðri keðjuábyrgð sem felur í sér að ekki sé hægt að ráða sér undirverktaka til að framleiða þjónustu eða vöru án þess að axla ábyrgð á því að kaup, kjör og aðstæður séu samkvæmt samningum. Krafa RIO Tinto Alcan um heimild til aukinnar verktöku gengur þvert á þetta markmið enda útvistun verkefna væntanlega gerð í þeim tilgangi að „minnka kostnað“.

Eftir því sem á leið baráttu starfsfólksins kemur yfirlýsing frá fyrirtækinu sjálfu um launafrystingu. Á þeim tímapunkti varð þessi barátta starfsfólksins í Straumsvík að sameiginlegri baráttu alls launafólks á Íslandi. Við búum við eina sterkustu vinnulöggjöf í heimi og sterk stéttarfélög sem launafólk um allan heim öfundar okkur af og telur til fyrirmyndar.

Í nágrannalöndum okkar berst fólk gegn atvinnuleysi, óöruggum ráðningum, launafrystingu og í Svíþjóð og Finnlandi er hávær krafa um beinar launalækkanir. Við sjálf jafnt sem stórfyrirtæki úti í heimi verðum að gera okkur grein fyrir að íslenski vinnumarkaðurinn er sterkur og felst styrkur hans einkum í skýrum reglum, öruggu starfsumhverfi og mikilli samstöðu þegar á reynir. Starfsfólkið í Straumsvík þarf að finna þessa samstöðu því barátta þess er barátta okkar allra fyrir sanngjörnum skilyrðum á vinnumarkaði og frelsi til að semja um kaup og kjör.

**Við sjálf jafnt sem stórfyrirtæki úti í heimi verðum að gera okkur grein fyrir að íslenski vinnumarkaðurinn er sterkur.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Bankamenn eru ekki allir eins



**Ari Skúlason**
starfsmaður Landsbankans hf.

Umræðan í þjóðfélaginu um bankana er stundum mótsagnakennd. Almennt er talið að bankarnir séu of margir og starfsmennirnir líka. Samtímis koma fram háværar kvartanir vegna hagræðingaraðgerða eins og fækkunar afgreiðslustaða. Vanlíðan og óöryggi hefur einkennt starfsfólk bankanna síðustu ár. Starfsfólk hefur horft upp á síendurteknar uppsagnir og skipulagsbreytingar sem virðast aldrei ætla að taka enda. T.d. er sífelld umræða í gangi um að fækka þurfi gjaldkerum og að tæknin og sjálfsafgreiðslulausnir eigi að taka við.

Í grimmari orðræðu er viðtekin skoðun að bankarnir séu okurstofnanir og að bankamenn séu „glæpamenn“ upp til hópa. Í október 2009 lét þáverandi ráðherra bankamála, Gylfi Magnússon, hafa eftir sér að íslenskir bankamenn hafi verið þeir verstu í heimi. Ég mótmælti orðum Gylfa á sínum tíma og hann dró í land og sagðist hafa átt við stjórnendur bankanna fyrir hrun. Þetta er einmitt meinið. Í mestallri umræðu um bankana er fjallað um stjórnendur og starfsmenn þeirra undir sama hatti og enginn greinarmunur gerður þar á.

Margir taka sér skotleyfi gagnvart starfsmönnum bankanna og þá skiptir engu hvort þeir séu háir eða lágir, stjórar eða gjaldkerar, allir eru yfirleitt settir undir sama hatt. Í nýlegri umfjöllun Kjarnans um greiðslu bónusa til 20-30 starfsmanna ALMC var talað um „fífldirfsku og glórulausar ákvarðanir bankamanna á árunum fyrir hrun“. Nákvæmara og mun sanngjarnara hefði verið að tala um stjórnendur og eigendur bankanna í stað allra bankamanna. Flestir starfsmenn bankanna hafa aldrei fengið neina bónusa og eru á svipuðum launakjörum og starfsmenn annarra fyrirtækja. Það er því ekki sanngjarnt að hafa þá alla undir í umræðu eins og þessari.

**Sjálfstæður skotspónn**

Það voru almennir starfsmenn bankanna sem stóðu í forsvari gagnvart viðskiptavinum vegna vandamála hrunsins og þeir voru oft ekki í skárri stöðu sjálfir en fólkið sem þeir voru að þjóna. Engu að síður er þetta fólk sífellt sjálfstæður skotspónn sem má tala illa um og gera grín að.

Annað dæmi, sem mörgum kann að finnast meinlaus brandari, er frétt um veitingastað í Frakklandi sem mbl.is birti þann 17. febrúar. Fréttin gekk út á að veitingamaður hafði komið fyrir skilti þar sem stóð: „Hundar velkomnir, bankamenn bannaðir.“ Ástæðan var sú að honum hafði verið synjað um lán hjá nokkrum bönkum. Hann setti alla bankamenn undir einn hatt og meinaði gjaldkerum og þjónustufulltrúum aðgang jafnt og stjórnendum bankanna. Margir telja þetta eflaust fínan nútímabrandara en hann særir þá starfsmenn bankanna sem þetta bitnar á að ósekju og er dæmi um það hvernig sífellt er vegið að almennum bankastarfsmönnum með ósanngjörnum hætti.

Dæmin eru óteljandi. Í hvert skipti sem fólki finnst mistök gerð í starfsemi banka er almennu starfsfólki nuddað upp úr málunum án þess að það hafi nokkuð komið að þeim. Fólki finnst þetta fyndið og eðlilegt. Engum dettur í hug að gera almenna starfsmenn sjávarútvegsfyrirtækja ábyrga fyrir því þegar útgerðin kaupir eða selur kvóta. En það virðast gilda önnur lögmál um starfsmenn bankanna, það er sjálfsagt að hafa þá í skotlínu varðandi allt sem er í umræðunni um starfsemi þeirra.

Mér finnst þetta ósanngjörn orðræða sem bitnar á starfsfólki sem vinnur störf sín eins vel og unnt er. Það er enginn munur á bankastarfsmönnum og öðru fólki í götunni okkar, nema þá kannski að það fær yfirleitt að heyra niðrandi tón um störf sín og fær á sig ásakanir sem það á alls ekki skilið. Það er óskandi að umræða um bankamenn verði málefnalegri og skynsamlegri og að hætt verði að setja þá alla undir sama (gamla) hattinn. Þeirri ósk er einkum beint til fjölmiðla og stjórnmálamanna.

**Það er óskandi að umræða um bankamenn verði málefnalegri og skynsamlegri og að hætt verði að setja þá alla undir sama (gamla) hattinn. Þeirri ósk er einkum beint til fjölmiðla og stjórnmálamanna.**







# Tennisdrottning hrynur af stalli

**Tekjuhæsta íþróttakona heims undanfarin ellefu ár féll á lyfjaprófi. Ber fyrir sig kæruleysi en gengst við brotum sínum. Gæti fengið allt að fjögurra ára bann.**

**Maria Sharapova tilkynnti heiminum í fyrrakvöld að hún hefði fallið á lyfjaprófi. Hún er ein allra þekktasta íþróttakona heims.** FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

**TENNIS** Maria Sharapova verður ekki skráð í sögubækurnar sem besta tenniskona heims. Hún hefur unnið fimm risamót á fimmtán ára atvinnumannaferli og tvívegis setið í efsta sæti heimslistans. En enginn vafi er á að hún er ein allra þekktasta íþróttakona heims og því til stuðnings má nefna að hún hefur undanfarin ellefu ár verið tekjuhæsta íþróttakona heims samkvæmt úttekt Forbes-tímaritsins.

Það kom því íþróttaheiminum í opna skjöldu þegar hún tilkynnti í fyrrakvöld að hún hefði fallið á lyfjaprófi. Það gerði hún á blaðamannafundi sem hún hélt sjálf á hóteli í Los Angeles í Bandaríkjunum.

### Tók inn lyfið í áratug

„Ég féll á lyfjaprófi og tek fulla ábyrgð á því,“ sagði hún hreinskilin í yfirlýsingu sinni. Umrætt efni sem varð henni að falli heitir meldóníum og staðfesti Sharapova að hún hafi tekið það inn reglulega undanfarinn áratug. „Ég byrjaði að taka lyfið árið 2006 en þá varð ég oft veik. Ég fékk flensu á tveggja ára fresti og var í hættu á að fá sykursýki vegna fjölskyldusögu minnar. Mér batnaði við að taka þetta lyf og því hélt ég því áfram,“ sagði hún á blaðamannafundinum.

Játning Sharapovu vakti gríðarlega athygli. Ljóst er að hún fer í tímabundið bann þann 12. mars en refsiramminn fyrir brot hennar er frá sex mánuðum til fjögurra ára. Þeir sem þekkja til telja líklegast að hún fái tveggja ára bann en Sharapova gæti sloppið með styttri refsingu ef henni tekst að sýna fram á að hún hafi tekið inn lyfið af annarri ástæðu en að bæta frammistöðu sína.

### Styrktaraðilar flúðu

„Það er erfitt að finna svartan blett á ferli hennar,“ sagði Nick Bolettieri, fyrrverandi þjálfari hennar. „En hún vill sannarlega ekki að ferli hennar ljúki á þennan máta.“

> **Ef þetta er allt saman rétt þá ætti að taka af henni alla titla.**
>
> Jennifer Capriati, fyrrum tenniskona

Sharapova hefur þénað rúma 3,3 milljarða króna á tennisferlinum einum saman en mun hærri upphæð með styrktar- og auglýsingasamningum. Hún hefur átt í samstarfi við Nike frá ellefu ára aldri en fyrirtækið tilkynnti strax í gær að því samstarfi væri lokið, í bili að minnsta kosti. Tag Heuer gerði slíkt hið sama en hún er einnig með samninga við Evian, Avon og Porsche. Afleiðingarnar eru því ekki aðeins miklar fyrir íþróttina, heldur hana sjálfa líka.

### Smellti ekki á hlekk

Eins og hún sagði sjálf á blaðamannafundinum ber hún fyrst og síðast sjálf ábyrgð á lyfjainntöku sinni. Axlar hún því fulla ábyrgð á því að hafa fallið á lyfjaprófinu.

„En það er mikilvægt að þið vitið að í tíu ár var lyfið ekki á bannlista. Ég tók því lyfið löglega í áratug,“ segir hún. Aðspurð hvort hún hafi ekki fengið upplýsingar um þær breytingar sem voru gerðar á lögum um lyfjanotkun um áramótin sagði hún vissulega svo vera, en að hún hafi ekki smellt á hlekk sem fylgdi tölvupóstinum sem hún fékk þess efnis.

Ekki eru allir sáttir við skýringar Sharapovu. Ein þeirra er Jennifer Capriati, sigurvegari á þremur stórmótum og gullverðlaunahafi á Ólympíuleikum.

„Ef þetta lyf hefði hjálpað mér að koma aftur til baka, hefðu allir verið sáttir við það? Það er mín skoðun að ef þetta er allt saman rétt þá ætti að taka af henni alla titla. Þetta snýst ekki bara um hana,“ sagði Capriati.

eirikur@frettabladid.is




## Hvað er meldóníum?

„Það er lyf sem er aðallega notað við hjartasjúkdómum og skorti á blóðflæði til hjartans,“ sagði Birgir Sverrisson, starfsmaður lyfjaeftirlits ÍSÍ, í samtali við íþróttadeild í gær um meldóníum, lyfið sem felldi Mariu Sharapovu.

Lyfið er framleitt í Lettlandi og aðallega notað í Austur-Evrópu. Þó Sharapova sé rússnesk þá býr hún í Bandaríkjunum og hefur gert stærstan hluta ævinnar. „Hugsanlega hefði hún átt að vita betur en það er erfitt að segja til um það,“ sagði Birgir og bætti við að 4-5 íþróttamenn til viðbótar hafi fallið á ári vegna notkunar lyfsins. En Sharapova sé langstærsta nafnið.

Meldóníum getur hjálpað íþróttamönnum að auka úthald sitt og að jafna sig fyrr eftir mikil átök. Það hafði verið á eftirlitslista WADA, Alþjóðalyfjaeftirlitsins, í eitt ár og var sett á bannlista því það hefur fundist í sýnum margra íþróttamanna um allan heim.

Af því má ráða að mun fleiri mál lík því sem felldi Sharapovu séu væntanleg úr heimi íþróttamanna. En lögfræðingur hennar segir að það sé fullt tilefni til að henni verði sýnd miskunn.

„Það er langur listi af atriðum sem sýna fram á að utanaðkomandi ástæður réðu inntöku lyfsins. Það ætti að draga stórlega úr hvers kyns refsingu sem yrði beitt.“



**Sharapova var sautján ára þegar hún vann Wimbledon-mótið árið 2004.**

## Nýjast

**Domino's-deild kvenna**

**Haukar - Snæfell 78-59**

**Haukar**: Helena Sverrisdóttir 32/17 fráköst/11 stoðsendingar, Pálína María Gunnlaugsdóttir 13/5 fráköst, María Lind Sigurðardóttir 10/7 fráköst.

**Snæfell**: Haiden Denise Palmer 22/10 fráköst/6 stoðsendingar, Gunnhildur Gunnarsdóttir 16/4 fráköst, Bryndís Guðmundsdóttir 8, Sara Diljá Sigurðardóttir 6,

| Efst | | Neðst | |
|---|---|---|---|
| Snæfell | 36 | Grindavík | 18 |
| Haukar | 36 | Stjarnan | 6 |
| Valur | 22 | Hamar | 4 |
| Keflavík | 18 | | |

**Meistaradeild Evrópu**

**Real Madrid - Roma 2-0**

1-0 Cristiano Ronaldo (64.), 2-0 James Rodriguez (68.).

***Real fór áfram, 4-0, samanlagt.***

**Wolfsburg - Gent 1-0**

1-0 Andre Schürrle (74.).

***Wolfsburg fór áfram, 4-2, samanlagt.***

**Enska bikarkeppnin**

**Hull City - Arsenal 0-4**

0-1 Olivier Giroud (41.), 0-2 Olivier Giroud (71.), 0-3 Theo Walcott (77.), 0-4 Theo Walcott (88.).

***Arsenal mætir Watford í átta liða úrslitum bikarkeppninnar.***

ÍSLENSKAN ÞJÁLFARA, TAKK

„Það er mikilvægt núna að finna þjálfara og að hann setji upp hvernig liðið eigi að vera og hvernig hann sér framtíðina,“ sagði Guðjón Valur Sigurðsson um þjálfaramál landsliðsins í viðtali í Akraborginni á X977.

„Það þarf að ákveða hvernig framtíðin lítur út og hvaða leið við viljum fara og taka. Leikirnir koma, það er klárt mál. Þeir verða í júní og þeir skipta gríðarlega miklu máli. Við þurfum bara að vita hvaða mannskap við förum með inn í þá.“

Guðjón hefur áhyggjur af því að erlendur þjálfari myndi ekki sinna þeirri vinnu sem þarf til hér heima til að skila leikmönnum upp í A-landsliðið.

„Það er mjög slæmt ef erlendur þjálfari er ráðinn sem horfir öðru hverju á deildina heima en velur svo bara sitt lið og skiptir sér ekkert af yngri liðunum. Þess vegna vil ég helst hafa Íslending sem þjálfara sem er með rauðan þráð í gegnum A-landsliðið og niður í 16 ára landsliðið,“ sagði Guðjón Valur.



„Mér finnst bara ólíklegt að það finnist erlendur þjálfari sem sé tilbúinn að flytja heim og gera þetta. Þess vegna vil ég frekar Íslending sem landsliðsþjálfara.“

## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| **19.30** | **Chelsea - PSG** | Sport |
| **19.30** | **Zenit - Benfica** | Sport 2 |
| **21.45** | **Meistaramörkin** | Sport |

**Domino's-deild kvenna**

**19.15 Hamar - Grindavík**

**19.15 Stjarnan - Keflavík**

**Olís-deild karla**

**19.30 Haukar - FH**

**Lengjubikar karla**

**19.00 Keflavík - Stjarnan** Reykjanes.





# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 9. mars 2016

10. tölublað | 10. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL




## Fasteignafélögin bólgna út

Þrjú stærstu fasteignafélög landsins hafa stækkað hratt á síðustu árum og eiga nú yfir milljón fermetra af fasteignum. Fjárfestingaþörf lífeyrissjóðanna er talin að baki vexti félaganna. »6




»2
**Stærri páskaegg**
Með bættu efnahagsástandi kaupa súkkulaðiunnendur stærri egg.

»4
**Gjaldtaka hagkvæm**
Besta leiðin til að hámarka arð af ferðamannastöðum er með gjaldtöku, segir SA .

»8
**Svipmyndin: Hrafnhildur Hafsteinsdóttir**
Hrafnhildur Hafsteinsdóttir tekur við af Huldu Bjarnadóttur.

»10
**Ísland og Svíþjóð á réttri leið**
Lars Christensen skrifar um peningamál.

»12
**Gagnrýnin virt**
Stjórnarmaðurinn skrifar um Símann.




SKJÓÐAN

# Fákeppni, arðgreiðslur og ónýt mynt

**SVO VIRÐIST SEM** stjórnendur lífeyrissjóða séu ekki með öllu heyrnarlausir, ekki alltaf. Eftir bylgju hneykslunar og mótmæla vegna boðaðra arðgreiðslna út úr tryggingafélögum hafa stærstu eigendur þeirra loks áttað sig á stemningunni í samfélaginu.

**ÞESSAR ARÐGREIÐSLUTILLÖGUR** tryggingafélaganna, sem nú virðast verða felldar, eru birtingarmynd fákeppninnar sem ríkir á flestum sviðum í íslensku atvinnu- og fjármálalífi. Það virðist sama hvert litið er, olíufélögin, bankarnir, tryggingafélögin og fleiri greinar eru á fákeppnismarkaði.

**LÍFEYRISSJÓÐIRNIR** eiga á bilinu 35-40 prósent í tryggingafélögunum. Þá er bara tíndur til sá eignarhlutur sem þeir eiga beint en eign þeirra kann að vera stærri í gegnum fjárfestinga- og framtakssjóði.

**LÍFEYRISSJÓÐIRNIR** hafa of mikla peninga til að fjárfesta fyrir hér innanlands og komast ekki úr landi með nema brot af þeim fjármunum sem þeir þyrftu að fjárfesta fyrir erlendis. Því kemur verulega á óvart að þeir, sem eigendur vátryggingafélaganna, skuli hafa viljað greiða sjálfum sér milljarða í arðgreiðslur.

**ÞAÐ VEKUR** athygli að Fjármálaeftirlitið skuli ekki hafa haft frumkvæði að því að stöðva arðgreiðslurnar. Einungis eru liðin örfá ár síðan skattgreiðendur töpuðu mörgum milljörðum þegar Sjóvá komst í þrot vegna glannalegrar notkunar eigenda félagsins á bótasjóði þess. Aðgerðaleysi FME var viðbúið því stjórnendur þess virðast líta á sig sem millistjórnendur undir boðvaldi fjármálafyrirtækja.

**FÁKEPPNIN** er óvinur neytenda. Oftast er hún beint samsæri gegn þeim. Við sjáum það hjá bönkunum, olíufélögunum og tryggingafélögunum. Lífeyrissjóðirnir nýta sér fákeppnina til hins ýtrasta á kostnað sjóðsfélaga. Fákeppni á fjármálamarkaði ógnar líka stöðugleika hagkerfisins og ætti því að valda FME verulegum áhyggjum ef þar innan dyra væru stjórnendur sem hefðu burði til að vinna vinnuna sína.

**EN AF HVERJU** er fákeppni á svo mörgum sviðum hér á landi? Er það vegna þess hve fáir búa í þessu landi? Varla. Meginástæðan er krónan, minnsti gjaldmiðill í heimi. Erlend fyrirtæki vilja ekki taka þá áhættu að setja upp starfsemi í lokuðu hagkerfi þar sem notaður er gjaldmiðill, sem enginn er til í að skipta nema íslenski seðlabankinn og stundum vill meira að segja hann ekki skipta krónum í harðan gjaldeyri. Þess vegna eru ekki útlend tryggingafélög og bankar til í að keppa við íslensku fjármálafyrirtækin.

**EINU AÐILARNIR**, sem fást til að fjárfesta hér á landi í krónuhagkerfinu, eru spákaupmenn sem stunda vaxtamunarviðskipti vegna ofurvaxta Seðlabankans og þau viðskipti ógna stöðugleika. Það höfum við áður rekið okkur á. Stjórnendur lífeyrissjóðanna ganga síðan eins langt og þeir komast við að gera sér mat úr fákeppni á kostnað sjóðsfélaga, eigenda sjóðanna.

MARKAÐURINN
**ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf.**, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **512 5000** | Fax **512 5301**
Umsjón **Jón Hákon Halldórsson** **jonhakon@365.is**
Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir** | Forsíðumynd **Fréttablaðið/Getty**
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@markadurinn.is** Veffang visir.is






Páskaeggjasalan er farin að færast nær því sem hún var fyrir hrun, sé horft í stærð eggja að sögn Kristjáns Geirs. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Stóru páskaeggin farin að seljast á nýjan leik

**Framkvæmdastjóri hjá Nóa Síríusi segir fleiri vilja kaupa stór páskaegg núna en eftir hrun. Undirbúningur fyrir páskaeggjasölu næsta árs er þegar hafinn. Páskaegg eru helst flutt út til Íslendingabyggða á Norðurlöndum.**

Stærri páskaegg njóta meiri vinsælda nú en strax eftir hrun að sögn Kristjáns Geirs Gunnarssonar, framkvæmdastjóra markaðs- og söluviðs Nóa Síríus. „Eftir hrun sáum við að fólk fór í minni egg, en í fyrra var fólk farið að færa sig upp aftur í eggjum," segir Kristján. Nói Síríus hafi aðlagað framleiðsluna milli ára til að búa sig undir aukna sölu stærri eggja.

Kristján segir fjölda eggja vera mjög svipaðan ár eftir ár enda vilji allir fá sitt páskaegg. Nói Síríus selji um milljón egg á ári.

Undirbúningur fyrir páskaeggjasölu næsta árs er þegar hafinn að sögn Kristjáns. „Það má því segja að árið og jafnvel rúmlega það fari í páskaeggjavertíðina. Það tekur alltaf svo langan tíma að undirbúa og fá afhent. Vöruþróun þarf að eiga sér stað með miklum fyrirvara," segir hann.

> **Eftir hrun sáum við að fólk fór í minni egg en í fyrra var fólk farið að færa sig upp aftur í eggjum.**
>
> Kristján Geir Gunnarsson, framkvæmdastjóri markaðs- og söluviðs Nóa Síríusar



Þá leggi Nói Síríus litla áherslu á útflutning á páskaeggjum vegna takmarkaðrar afkastagetu. „Við höfum svo lítinn tíma til að framleiða þetta. Við erum að flytja eitthvað út, það er meira til Íslendingasamfélaga í Skandinavíu," segir Kristján.

Hins vegar sé góður vöxtur í útflutningi á almennu sælgæti hjá Nóa Síríusi. „Við erum að ná smá sigrum hér og þar og erum á áætlun," segir Kristján.

Pétur Thor Gunnarsson, sölu- og markaðsstjóri hjá Freyju, segir eina helstu breytinguna sem orðið hafi á framleiðslu síðustu ára vera að mikill meirihluti eggja sé seldur með sælgæti í skelinni. Dæmi um það séu Drauma- og Rísegg. Hjá Freyju standi páskaeggjavertíðin yfir hálft árið. Tekjurnar komi svo á mjög skömmum tíma í kringum páskana. „Við sjáum algjöra sprengingu í sölu á fjórum og allt niður í tvær vikur fyrir páska," segir Pétur. **ingvar@frettabladid.is**

## Vikan sem leið

### 805
**milljóna viðskipti**

Viðskipti með bréf í Icelandair Group í gær náðu um 805 milljónum króna og hækkaði gengi bréfa um 0,4 prósent. Gengi bréfa félagsins hefur hækkað um 6,36 prósent frá áramótum, en um 72,7 prósent síðustu tólf mánuði ársins.

### 38,7
**milljarða fjárfesting**

Alvogen hefur tilkynnt um fyrirhuguð kaup á bandaríska lyfjafyrirtækinu County Line. Með kaupunum er ætlunin að treysta markaðsstöðu fyrirtækisins vestanhafs. Samkeppnisyfirvöld í Bandaríkjunum eiga þó eftir að samþykkja kaupin. Kaupverðið er talið vera um 38,7 milljarðar króna.

### 250
**milljónum ráðstafað**

Tveimur stofnunum Sameinuðu þjóðanna, Rauða krossi Íslands og Hjálparstarfi kirkjunnar, er falið að ráðstafa 250 milljónum króna sem ríkisstjórnin samþykkti sem aukafjárlag til mannúðarmála á fjáraukalögum seint á síðasta ári. Fénu verður varið til að styðja við bakið á flóttafólki.

## Á döfinni

**Miðvikudagur 9. mars**
**ÞJÓÐSKRÁ** - Fasteignamarkaðurinn í mánuðinum eftir landshlutum
**Fimmtudagur 10. mars**
**ÖSSUR** - Aðalfundur 2016
**SÍMINN** - Aðalfundur 2016
**HAGSTOFA ÍSLANDS** Landsframleiðslan 2015, bráðabirgðatölur
**HAGSTOFA ÍSLANDS** - Velta í virðisaukaskattskyldri starfsemi
**Föstudagur 11. mars**
**SJÓVÁ ALMENNAR** - Birting fjárhagsdagatals
**NÝHERJI** - Aðalfundur
**Mánudagur 14. mars**
**SEÐLABANKI ÍSLANDS** - Gjaldeyrisforði og tengdir liðir
**Þriðjudagur 15. mars**
**REITIR** - Aðalfundur 2016
**Miðvikudagur 16. mars**
**LANDSBANKINN HF** - Aðalfundur
**SEÐLABANKI ÍSLANDS** - Vaxtaákvörðun
**VÁTRYGGINGAFÉLAG ÍSLANDS** - Aðalfundur
**N1 HF** - Aðalfundur




Volvo XC60 AWD er búinn sparneytinni og aflmikilli D4 dísilvél með sjálfskiptingu sem skilar 190 hestöflum og 420 Nm togi. Veghæð Volvo XC60 er 23,5 cm undir lægsta punkt. Hann er ríkulega búinn staðalbúnaði eins og rafdrifinni opnun á afturhlera, leiðsögukerfi með Íslandskorti, bakkmyndavél, vélarhitara með tímastilli, tölvustýrði loftkælingu með hitastýringu (ECC), lofthreinsikerfi og Volvo High Performance Sensus Connect hljómtækjum með 7" skjá, internettengingu og DVD spilara. Volvo XC60 Executive kemur á 18" Leda álfelgum og er búinn leðurklæddum sportsætum. Ökumannssætið er rafdrifið með minni. Í innra rýminu er jafnframt TFT digital mælaborð. Aðgengi og ræsing er lyklalaust. Bíllinn er búinn fyrsta flokks öryggisbúnaði en þar má nefna margverðlaunaða öryggiskerfið Borgaröryggi (City Safety). Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri er 5,7 l/100 km og $CO_2$ losun er 149 g/km. Volvo XC60 er einnig fáanlegur beinskiptur frá 7.580.000 kr. Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

## Reykjavík er í dýrari kantinum miðað við aðrar höfuðborgir

**Leigubíll - startgjald og 5 km**
Verð í USD

| | |
|---|---|
| Ósló | 22 |
| London | 18 |
| Kaupmannahöfn | 17 |
| Reykjavík | 15 |
| Berlín | 15 |
| Stokkhólmur | 12 |
| Róm | 12 |
| París | 12 |
| Boston | 11 |
| Dublin | 11 |
| Toronto | 10 |
| Barselóna | 8 |

**Þriggja rétta máltíð**
Verð í USD

| | |
|---|---|
| Ósló | 94 |
| Kaupmannahöfn | 89 |
| Stokkhólmur | 82 |
| Reykjavík | 78 |
| London | 77 |
| Dublin | 66 |
| Boston | 60 |
| Róm | 55 |
| París | 55 |
| Toronto | 53 |
| Barselóna | 44 |
| Berlín | 44 |

**Þriggja stjörnu hótelgisting**
Verð í USD

| | |
|---|---|
| Boston | 179 |
| London | 145 |
| París | 133 |
| Reykjavík | 122 |
| Kaupmannahöfn | 121 |
| Róm | 117 |
| Stokkhólmur | 113 |
| Ósló | 105 |
| Dublín | 95 |
| Toronto | 93 |
| Barselóna | 91 |
| Berlín | 84 |

**Stór innlendur bjór**
Verð í USD

| | |
|---|---|
| Ósló | 9 |
| Reykjavík | 8 |
| Stokkhólmur | 7 |
| Kaupmannahöfn | 7 |
| París | 7 |
| London | 6 |
| Dublin | 6 |
| Boston | 5 |
| Torontó | 5 |
| Róm | 3 |
| Berlín | 3 |
| Barselóna | 3 |

# Telja gjaldtöku hagkvæmustu leiðina

**Efnahagssvið Samtaka atvinnulífsins telur hagkvæmt að taka upp gjaldtöku af ferðamannastöðum. Þótt Ísland sé dýrt er verðlag ekki farið að hafa áhrif. Mestu máli skiptir fyrir ferðamennina að þeir upplifi ferðalagið þannig að þeir hafi fengið eitthvað fyrir peninginn.**

Jón Hákon Halldórsson
jonhakon@365.is



Gjaldtaka er hagkvæmasta leiðin til að bæði hámarka arð af auðlindum og stýra ágangi á þær. Það að landeigendum verði gert mögulegt að taka gjald skapar jákvæðan hvata fyrir þá til að hámarka virði landsins til lengri tíma. Þetta er mat efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins, sem gefur í dag út skýrslu um ferðaþjónustuna.

„Gjaldtaka yfirhöfuð er að okkar mati besta leiðin til að hámarka arðinn af auðlindinni og ekki síst til að vernda náttúruna af því að þá fer hagur landeigenda saman með náttúruvernd. Því að landeigandinn hefur þá hvata til þess að vel sé farið með landið og það þoli þann átroðning. Hann getur þá stýrt gjaldinu eftir því sem landið leyfir,“ segir Óttar Snædal, einn skýrsluhöfunda.

Í skýrslunni er líka bent á að þessi leið stuðli að því að ferðamenn sem sannarlega njóta landsins greiði fyrir það. Þá er bent á að möguleikar til gjaldtöku skapi líka hvata fyrir frumkvöðla og eigendur lands sem lítið er sótt til að byggja upp sína staði og auglýsa þá. Slíkt sé til þess fallið að dreifa álaginu betur milli landssvæða og auka svigrúm fyrir frekari vöxt í ferðamennsku.

Greint er frá því að þegar ferðamönnum til Íslands er skipt eftir þjóðerni kemur fram að mestur vöxtur hefur verið í fjölda ferðamanna frá Bretlandi og Bandaríkjunum, sem hefur allt að fimmfaldast á síðustu sex árum. Þrátt fyrir að krónan hafi styrkst töluvert frá því að virði hennar nánast helmingaðist árið 2008 hafi hún ekki styrkst gagnvart pundi og dollar. Ísland sé því enn hlutfallslega ódýrt fyrir notendur þessara gjaldmiðla miðað við það sem var fyrir hrun.

**Gjaldtaka yfirhöfuð er að okkar mati besta leiðin til að hámarka arðinn af auðlindinni og ekki síst til að vernda náttúruna.**



Óttar Snædal

Í skýrslunni kemur fram að niðurstöður rannsóknar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins benda til þess að vöxtur ferðaþjónustunnar á Íslandi sé svo mikill að styrking krónunnar hafi enn sem komið er ekki teljandi áhrif á ferðaþjónustuna. „Við erum einfaldlega orðin það umtöluð og það er það mikill vöxtur í öðrum þáttum sem ýta undir ferðaþjónustuna á Íslandi,“ segir Óttar.

Engu að síður er dýrt að ferðast um á Íslandi og Óttar segir að verð skipti vissulega máli. Þegar ferðamenn eru spurðir séu góð tilboð eða það að komast á áfangastað fyrir ásættanlegt verð eitt af því sem skiptir mestu máli við val á áfangastaðnum. „Það skiptir máli og maður þekkir það sjálfur þegar maður velur áfangastaði að maður horfir alltaf til verðs líka. Til að vernda þennan vöxt þá verðum við að huga að því að gera það á sjálfbæran hátt.“ Hann bendir á að launahækkanir muni auka verðþrýsting. Einkum í ferðaþjónustu sem sé mannaflsfrek atvinnugrein.

Óttar segir að upplifun ferðamanna skipti líka máli. „Það skiptir ekki síður máli að ferðamönnum finnist eins og áfangastaðurinn sé peninganna virði. Af því að meðmæli og umfjöllun á netinu, allt þetta upplýsingaflæði, skiptir gríðarlega miklu máli.“



Efnahagssvið Samtaka atvinnulífsins mælir með gjaldtöku af ferðamannastöðum. Sú leið hefur þó mætt töluverðri andspyrnu á meðal stjórnmálamanna hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Miklu fleiri til nágrannalandanna

**Ísland**
**1.000.000**
FERÐAMENN Í FYRRA

**Svíþjóð**
**11.000.000**
FERÐAMENN Í FYRRA

**Noregur**
**5.000.000**
FERÐAMENN Í FYRRA

**Í skýrslunni er bent á að ein milljón ferðamanna sé ekki há tala í samanburði við nágrannalöndin. Sé fjöldi ferðamanna hins vegar settur í samhengi við íbúafjölda landsins eða ræktanlegt landsvæði er fjöldi hér nokkuð mikill.**

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 78271 01/2016




ER ÞITT FYRIRTÆKI Á FLUGI?

Regluleg ferðalög á vegum fyrirtækisins eru oft nauðsynleg. Það getur því borgað sig að gera fyrirtækjasamning við Icelandair.

ICELANDAIR

# Þeir hafa slegið í gegn!

## og fengið frábæra dóma.

Grubs Cityline reiðskórnir eru vatnsheldir og hlýir. Opið er víðara en á öðrum gerðum og er því auðvelt að smeygja sér í og úr. Hörð tá. Grubs eru framleiddir úr mjúku náttúrugúmmíi og klæddir með neopreni.



-20°C

Cityline
14.800,-

**Söluaðilar:**
Lífland Reykjavík, Akureyri, Blönduósi og Borgarnesi
Fóðurblandan Egilsstöðum, Hvolsvelli og Hellu
Kaupfélag Borgfirðinga
Top Reiter Ögurhvarfi
K.M. Þjónustan Búðardal
KS verslunin Eyri Sauðárkróki
Kaupfélag Vestur Húnvetninga
Fákasport Akureyri
Varahlutaverslun Björns Lyngási
Verslunin Tákn Húsavík
Baldvin og Þorvaldur Selfossi
Íshestar Hafnarfirði
JHM Reykjavík
Fjalli.is netverslun
Hirzlan Garðabæ
Heimkaup.is
Skipavík stykkishólmi

Outline
14.800,-





Midline
16.800,-

Woodline
8.900,-



Vild ehf.
Heildsöludreifing
Smiðsbúð 6, 210 Garðabæ, 564 5040

## Fasteignir Eikar, Reita og Regins í Reykjavík og Kópavogi




**Eiga yfir 600 eignir**

Fasteignafélögin þrjú eiga yfir 600 fasteignir um allt land en áttu ríflega 200 fasteignir í maí árið 2012. Meðal fasteigna félaganna eru nær allir verslunarkjarnar höfuðborgarsvæðisins, og stór hluti af atvinnu- og skrifstofumarkaði landsins. Þar á meðal er Smáralind, Kringlan, Glæsibær, Egilshöll, Holtagarðar, Glerártorg og Turninn í Kópavogi. Reginn hyggst kaupa fateignasöfnin CFV 1 ehf. og Ósvör ehf. með útgáfu nýs hlutafjár sem samþykkja þarf á hlutahafafundi síðar í mars.

# Ráða sjötíu prósentum af leigumarkaði

**Efnahagsreikningar þriggja særstu fasteignafélaga landsins hafa stækkað um 100 milljarða á síðustu þremur árum. Fjárfestingaþörf lífeyrissjóðanna er sögð rótin að vexti félaganna. Leiguverð á vinsælum svæðum hefur hækkað mikið. Búist er við frekari hækkunum.**

Aðalsteinn Kjartansson
adalsteinnk@frettabladid.is
Ingvar Haraldsson
ingvar@frettabladid.is



Þrjú stærstu fasteignafélög landsins, Eik, Reginn og Reitir, eru með 70 prósent markaðshlutdeild á markaði með útleigt atvinnuhúsnæði til ótengdra félaga á höfuðborgarsvæðinu. Efnahagsreikningar félaganna þriggja hafa stækkað um ríflega hundrað milljarða á síðustu þremur árum og eiga félögin nú fasteignir að verðmæti um 250 milljarða króna. Búast má við að félögin stækki enn frekar á næstu misserum.

Félögin hafa keypt upp fjölda minni fasteignafélaga og fasteigna á undangengnum árum. Eik hefur ríflega þrefaldast að stærð á síðustu þremur árum og Reginn tvöfaldast. Stærsta fasteignafélagið, Reitir, hefur svo vaxið um fjórðung frá 2012. Félögin eiga nú húsnæði sem telur samtals milljón fermetra en þeir voru um 670 þúsund í maí 2012.

### Lífeyrissjóðir að baki stækkun

Samkvæmt nýlegri ákvörðun Samkeppniseftirlitsins um kaup Regins á fasteignafélögum í rekstri Stefnis, kemur fram að rótina að skipulagi markaðarins sé að finna í fjárfestingarþörf lífeyrissjóða og umsvifum þeirra á fjármálamarkaði. Lífeyrissjóðirnir séu stærstu eigendur og lánveitendur félaganna. Fasteignafélögin geti þannig fengið hagkvæmari fjármögnun en minni aðilar á markaði, sem treysta þurfi á fjármögnun gegnum bankakerfið. Þar sem félögin geti fjármagnað sig með hagkvæmari hætti en aðrir aðilar á markaði sé grundvöllur fyrir frekari vexti þeirra á næstu árum.

Þá segir Samkeppniseftirlitið að fjárfestingar lífeyrissjóða í fasteignafélögum geti hentað fjárfestingarstefnu lífeyrissjóðanna afar vel þar sem um sé að ræða tiltölulega örugga fjárfestingu sem segja megi að hafi verðtryggt sjóðstreymi.

> **Það kemur að því að menn verða að hækka verð og setja þetta út í verðlag.**
>
> Magnús Árni Skúlason, framkvæmdastjóri Reykjavik Economics



Lífeyrissjóðirnir eiga samanlagt um helmings beinan eignarhlut í fasteignafélögunum þremur. Þá eiga þrír stærstu lífeyrissjóðir landsins, Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, Gildi og Lífeyrissjóður verslunarmanna saman um þriðjungshlut í bæði Reitum og Regin og um fimmtung í Eik. Fasteignafélögin sem félögin hafa keypt á undanförnum árum hafa mörg hver að stórum hluta verið í eigu lífeyrissjóða.

**250**

**milljarðar er virði fasteigna fasteignafélaganna þriggja.**

**» 60 prósent verðhækkun hefur orðið á nýjum leigusamningum á vinsælustu verslunarsvæðum miðbæjarins á síðustu fjórum árum.**

Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins kemur einnig fram að félögin eigi svo til alla verslunarkjarna á höfuðborgarsvæðinu og verulegan hluta af verslunar- og skrifstofuhúsnæði vestan Kringlumýrarbrautar.

Samkeppniseftirlitið tilgreinir sérstaklega í ákvörðun sinni að frekari samþjöppun á þessum markaði sé líkleg til að verða tilefni til ítarlegri rannsókna af hálfu eftirlitsins.

### Leiguverð hækkað mikið

Magnús Árni Skúlason, hagfræðingur og framkvæmdastjóri Reykjavik Economics, segir leiguverð á ákveðnum svæðum, hafa hækkað mikið að undanförnu. Sérstaklega hafi hækkanir í miðbænum orðið miklar. Á svæðinu sem afmarkist af Bankastræti, Laugavegi upp að Frakkastíg, Skólavörðustíg og Lækjartorgi, sé algengt leiguverð í nýjum leigusamningum orðið um 8.000 krónur á verslunarfermetra. Það hafi verið um 5.000 krónur árið 2012 og því hafi leiguverð hækkað

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ
9. MARS 2016 MIÐVIKUDAGUR



Lúxus-humarpítsan inniheldur humar, rauðlauk, papriku og hvítlauk. MYND/ANTON BRINK



Meðal nýrra og gómsætra rétta á Texasborgurum eru nautalundaborgari og lúxus-humarpítsa. MYND/ANTON BRINK



Nautalundaborgarinn er borinn fram með frönskum, laukstráum og bernaise-sósu. MYND/ANTON BRINK

# JOHNNY KING Á TEXASBORGURUM!

**Texasborgarar kynna** Goðsögnin Johnny King heldur tónleika á Texasborgurum við Grandagarð á sunnudaginn kl. 15 með hljómsveit og gestasöngvurum. Aðgangur er ókeypis og nýir sælkeraréttir verða kynntir til sögunnar.

Það stendur mikið til á Texasborgurum við Grandagarð. Kántrírokkarinn Johnny King treður þar upp sunnudaginn 13. mars kl. 15 og er aðgangur ókeypis. „Kóngurinn ætlar að flytja eigin lög og annarra og fær með sér flotta hljóðfæraleikara og gestasöngvara," segir Magnús Ingi Magnússon veitingamaður.

Stefnt er að því að tónleikar sem þessir verði fastur liður á Texasborgurum og Magnús Ingi hefur sett upp gott hljóðkerfi. „Tónleikar á veitingahúsum á þessum tíma, eftir hádegi á sunnudögum, voru mjög vinsælir í gamla daga. Mig langar að láta á það reyna að kveikja þá stemningu aftur. Það er fátt skemmtilegra á sunnudögum en að skreppa með vinum eða fjölskyldunni í sunnudagsbíltúr og fá sér eitthvað gott í gogginn og njóta skemmtunar um leið. Grandinn er líka orðið svo skemmtilegt og lifandi svæði að það verður enginn svikinn af því að heimsækja okkur hingað út eftir."

Hamborgarar, pítsur, fiskur og franskar og fleira gómsætt er í boði á Texasborgurum. Í dag bætast tveir nýir sælkeraréttir við matseðilinn: Lúxus-humarpítsa með humri, rauðlauk, papriku og hvítlauk og Nautalundaborgari með frönskum, laukstráum og bernaise.

**Á vef staðarins, texasborgarar.is, og Facebook er að finna allt um matinn og staðinn.**



Kántrírokkarinn Johnny King treður upp sunnudaginn 13. mars kl. 15 og er aðgangur ókeypis. MYND/ÚR EINKASAFNI

**NÝIR SÆLKERARÉTTIR**

**Nautalundaborgari – 1.690 kr.**
*Með frönskum, laukstráum og bernaise*
**Lúxus-humarpitsa – 1.990 kr.**
*Með humri, rauðlauk, papriku og hvítlauk*

**TEXASTILBOÐ ALLA DAGA**

**Texas-ostborgari – 1.390 kr.**
*Með frönskum og gosi*
**Pitsa – 1.390 kr.**
*Með hrásalati og gosi*

**FJÖLSKYLDUTILBOÐ**

**Texas-ostborgarar – 3.990 kr.**
*Fyrir fjóra með frönskum*
**Fiskur og franskar – 3.990 kr.**
*Fyrir fjóra með hrásalati*

**2 FYRIR 1**

*Texas-ostborgari með frönskum. Aðeins 1.290 kr. fyrir tvo.*

*Klipptu miðann út og hafðu með þér.*

*Gildir til 15.4. 2016.*




VORYFIRHAFNIR Í ÚRVALI
VORFRAKKAR
VATTTJAKKAR
REGNKÁPUR
GABERDÍNKÁPUR
Skoðið
laxdal.is /yfirhafnir
BERNHARÐ LAXDAL
Laugavegi 63 • S: 551 4422



Vertu vinur á Facebook

SMÁRÉTTA HOT PLATE
DJÚSÍ OG HOLLT
1.790KR



Culiacan
MEXICAN GRILL
Suðurlandsbraut 4a
www.culiacan.is







Guttormur Þorsteinsson, bókavörður á Borgarbókasafninu, leiðir gesti um ganga Kringlunnar á morgun og les texta úr skáldsögum, smásögum og ljóðabókum sem tengjast verslunarmiðstöðinni. MYND/PJETUR

# Á SÖGUSLÓÐ Í KRINGLUNNI

Boðið verður upp á bókmenntagöngu í Kringlunni á morgun. Lesnir verða textar úr smásögum, skáldsögum og ljóðabókum sem tengjast verslunarmiðstöðinni á einhvern hátt.

Borgarbókasafnið býður upp á bókmenntagöngu í Kringlunni á morgun, fimmtudag. Þar mun Guttormur Þorsteinsson bókavörður ganga með gestum um ganga verslunarmiðstöðvarinnar og lesa texta úr skáldsögum, smásögum og ljóðabókum sem tengjast Kringlunni með beinum og óbeinum hætti.

Gangan hefst við Borgarbókasafnið í Kringlunni kl. 18.30, þar sem fyrsti upplesturinn fer fram, og þaðan liggur leiðin inn í verslunarmiðstöðina. Að sögn Guttorms mun hann taka hring þar og stoppa á viðeigandi stöðum þar sem hann kynnir hvern texta og tengsl hans við staðinn. „Síðan les ég brot úr textanum auk þess sem Halldór Armand mun lesa texta úr eigin bók sem ber nafnið Drón. Svo svara ég spurningum eftir fremsta megni á eftir upplestri eða á milli staða. Hver upplestur tekur bara nokkrar mínútur og gangan sjálf ætti ekki að taka nema svona 45 mínútur. Það er því upplagt að taka sér stutt frí frá verslunarrápi og skella sér í fróðlega og skemmtilega bókmenntagöngu."

Meðal verka sem lesið verður upp úr eru tvær örsögur Halldóru K. Thoroddsen og ein eftir Braga Ólafsson sem eru allar svipmyndir úr Kringlunni. „Svo les ég upp úr köflum eftir Olgu Guðrúnu Árnadóttur og Kristínu Steinsdóttur þar sem sögupersónurnar erindast í Kringlunni þó að verslunarmiðstöðin sé kannski ekki þungamiðja sögunnar. Kringlan leikur hins vegar stærra hlutverk í bókinni Drón og ljóðin sem ég les tengjast Kringlunni meira óbeint, en það verður að koma bara í ljós."

> Hver upplestur tekur bara nokkrar mínútur og gangan sjálf ekki nema svona 45 mínútur. Það er því upplagt að taka sér stutt frí frá verslunarrápi og skella sér í skemmtilega bókmenntagöngu.
>
> Guttormur Þorsteinsson

**Frekari upplýsingar má finna á borgarbokasafn.is og á Facebook undir Borgarbókasafnið Kringlunni.**







## BÍLAR & FARARTÆKI

**bilfang.is**
S. 567 2000



**NÝLEGIR OG ELDRI BÍLAR !**
Þekking, reynsla, þjónusta ! Verið velkomin !

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**Seljum í dag !**
**www.bilfang.is**

**Toyota Kauptúni**



TOYOTA Land cruiser 120 vx aukasæti. Árgerð 2005, ekinn 230 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.190.000. Rnr.241311.

**Toyota Kauptúni**
**Kauptúni 6, 210 Garðabær**
**Sími: 570 5070**
**www.toyotakauptuni.is**

**ASKJA**
**NOTAÐIR BÍLAR**



FORD Mondeo titanium station. Árgerð 2012, ekinn 128 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 2.990.000. Rnr.991665.



BMW X5 4,8i sport. Árgerð 2007, ekinn 128 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 6.290.000. Rnr.210656.



Kia Soul EX. Árgerð 2015, ekinn 3 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.490.000. Rnr.991592. 6 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.



MERCEDES BENZ C 200 kompressor. Árgerð 2006, ekinn 82 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.090.000. Rnr.170016.

**ASKJA notaðir bílar**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

**STÓRA BÍLASALAN**



**NÝIR BÍLAR!**
Toyota Yaris Hybrid. Árgerðir 2016. Sjálfsk. Eigum á lager bíla og á staðnum. Verð aðeins 2.890.000kr. Raðnr 135288. Sjá á www.stora.is.

**Stóra bílasalan**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**http://www.stora.is**

**KRÓKUR**



**KRÓKUR**
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**

**VAKA**



Vinnuvéla- Lyftara- og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig.

**Vaka**
**Skútuvogi 8, 104 Reykjavík**
**Sími: 567 6700**
**24 tíma þjónusta**
**http://www.vakahf.is**

**100bílar.is** bílasala



Land Rover Discovery 4 HSE, 2/2012, ek 74 þús km, sjsk, dísel, mjög flottur bíll, stærri vélin 256 hö, ásett verð 9.950 þús, er á staðnum, raðnr 152037.

**100 bílar ehf**
**Í miðbæ Mosfellsbæjar,**
**Sími: 517 9999**
**Opið 10-18.00 virka daga og laugardaga 11-15**
**www.100bilar.is**

**HÖFÐABÍLAR**
... þar sem bílar seljast



DODGE Sprinter 3500. Árgerð 2007, ekinn 283 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Enginn skipti. Verð 5.500.000. Rnr.110694.



CHEVROLET Cruze. Árgerð 2014, ekinn 65 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 2.390.000. Seljandi skoðar skipti á ódýrari. Rnr.110727.

**Höfðabílar**
**Fosshals 27, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**www.hofdabilar.is**

## Bílar til sölu



**FRÁBÆRT EINTAK Á 490Þ**
MMc Pajero Sport v6 '02 Ekinn aðeins 161þkm ssk Leður, lúga, dráttarbeysli Nýskoðaður '17 Verð 490þ 100% visa/euro lán í boði Uppl. s. 777 3077



**FRÁBÆR SPARIBAUKUR**
Hyundai Getz 1.1 3d, árg '06 Bsk, ek. 149þkm. Nýskoðaður, ný heilsársdekk omfl. V. 599.000stgr Möguleiki á 100% Visa/euro kortaláni til 36mánaða greiðslubyrði yrði upb 24.000kr á mánuði. S. 861 6448

## 250-499 þús.



**SJÁLFSKIPTUR 4X4 SMÁJEPPI 320 ÞÚS.**
Suzuki Jimny 4x4 árg 2002 ek.152 þús, sjálfskiptur, þarfnast smá umhyggju, ásett verð 590 þús TILBOÐ 320 ÞÚS möguleiki á 100% vísaláni s.841 8955

# HEIMSBÍLAR

**5674000**

**Heimsbílar Klettháls 2 • 110 Reykjavík • heimsbilar.is**



**TOYOTA Yaris terra**. Árgerð 2011, ekinn 89 Þ.KM, bensín, beinskiptur. **Verð 1.650.000. TILBOÐ 1.450.000.** Rnr.337903.



**AUDI Q7 quattro**. Árgerð 2007, ekinn 112 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.krókur. **Verð 3.890.000.** Rnr.335956.



**SKODA Superb. 4x4**, Árgerð 2015, ekinn 39 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar.16" álfelgur **Verð 5.190.000.** Rnr.338064.



**NISSAN X-trail luxury**. Árgerð 2009, ekinn 210 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. **Verð 2.380.0.000. TILBOÐ 1.990.000.** Rnr.337824.



**SUZUKI Grand vitara premium+ (cruise, a/c, álfelgur)**. Árgerð 2011, ekinn 103 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 3.250.000. TILBOÐ 2.790.000.-** Rnr.336979.



**FORD Explorer 4x4**. Árgerð 2000,37" breyttur. ekinn 181 Þ.KM, bensín, sjálf-skiptur. **Verð 1.390.000. TILBOÐ 890.000.** Rnr.323312. Bíllinn er á staðnum.



**PEUGEOT 308 alure**. Árgerð 2015, ekinn 25 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. **Verð 4.190.000.** Rnr.324236.



**MAZDA Mpv**.7 manna!!rennihurðar á hliðum Árg. 2005, ek. 145 Þ.KM, bensín, sjálfsk.. **Verð 1.290.000 TILBOÐ 1.090.000.** Rnr.337781. Bíllinn er á staðnum



**MERCEDES BENZ C 350 4matic (087)**. Árgerð 2008, ekinn 63 Þ.KM, bensín, leðursæti, lúga, sjálfskiptur 7 gírar. **Verð 4.790.000.** Rnr.324227.



**TOYOTA Rav4 gx plus**. Árgerð 2015, ekinn 24 Þ.KM, dísel, 6 gírar. **Verð 4.670.000.** Rnr.337995.



**BMW X5 4,4i V8.** 04/ 2003, ek. 136 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur,leður,lúga,álfelgur. **Ásett verð 2.690.000 TILBOÐ 1.990.000.** Rnr.337975. Bíllinn er á staðnum



**VW Touareg 4,2 v8.** 07/ 2004, ekinn 158 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur,leður,lúga,18" álfelgur. ásett **verð 1.490.000. TILBOÐ 990.000** Rnr.337989. Bíllinn er á staðnum.



**MERCEDES-BENZ M I 250 bluetec 4matic** . Árg. 2014, ek. 19 Þ.KM, dísel, krókur, AMG felgur. sjálfsk. 7 gírar. **Verð 9.950.000.** Rnr.337961.



**BMW 5 525i e60.** 06/ 2007, ekinn 133 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. leður, lúga,ál-felgur. **Verð 3.590.000. TILBOÐ 3.190.000** Rnr.337750. Bíllinn er á staðnum



**VOLVO S80 2,5i turbo.** 10/ 2006, ekinn 174 Þ.KM, bensín, sjálfsk.. leður,álfelgur ofl. **ásett verð 2.690.000. TILBOÐSVERÐ 2.390.000.** Rnr.337795. Á staðnum.

**VANTAR ALLAR GERÐIR BÍLA Á SKRÁ, MIKIL SALA FRAMUNDAN.**

## 250-499 þús.



**RAV4 TILBOÐ 390 ÞÚS**
Toyota Rav4 1,8 fwd ek.180 þús, beinskiptur, fínasti bíll með skoðun en þarf að fylgjast með olíu, ásett verð 590 þús TILBOÐ 390 ÞÚS möguleiki á 100% vísaláni i 36 man s.841 8955

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Vinnuvélar



**HJÓLAGRAFA**
Volvo EW 160C árgerð 2008 Vinnustundir: 9700 Liðgálgi 2 Skóflur Rótortilt á hraðtengi Lappir og ton Smurkerfi Bakk myndavél. Dísel miðstöð Verð 7.800.000 + vsk. Uppl. í s.777 50

## Bátar



Smíðum álhurðir í báta stóra sem smáa. Skoðaðu heimasíðuna okkar algluggar.is Hafðu samband og fáðu tilboð. S. 557 5757.

## Hjólbarðar

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## Varahlutir

**Startarar & alternatorar**
í bíla, báta og vinnuvélar



**Bílaraf**
Flatahrauni 25 - Hafnarfirði
Sími 564 0400
www.bilaraf.is

FAST PARTS

Útvegum varahluti að utan á 2-3 dögum, stórir eða litlir hlutir ekkert mál. Vélar, skiptingar, gírkassar, spíssar, mælaborð, loftbúðar, öryggisbelti, túrbínu, tölvuheilar eða bara bremsuklossar. Orginal eða aftermarket varahlutir, notaðir eða nýjir við getum reddað því. Endilega sendið fyrirspurnir á pantanir@fastparts.is eða hringið í síma 788-8897 (Íslenska) 784-2042 (Enska) Ef við náum ekki að svara í símann þá munum við hringja til baka um leið og við getum.

## Viðgerðir

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, kangoo. Renni diska og skálar. Sérgrein bremsuviðgerðir. S. 892 7852.

## Bílaleiga

**TIL SÖLU LÍTIL EN ÖRT VAXANDI BÍLALEIGA**
Möguleiki að kaupa bara reksturinn eða bílaflota með. Gott tækifæri að koma inn í vaxandi rekstur á ört vaxandi markaði. Auðveld kaup. S: 695-6037

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 699 6069 & 663 5315.

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

## Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

---

# FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

### Tryggvagata 4- 6. 2ja herb. útsýnisíbúð

**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45**




Glæsileg útsýnisíbúð á 5. hæð (efstu) með suðursvölum á þessum eftirsótta stað við höfnina. Stórfenglegt útsýni yfir höfnina, að Esjunni og víðar til norðurs og fallegt útsýni yfir borgina frá svölum í suðri. Nýlegir gluggar, gler og svalahurð í íbúðinni. **Íbúð með mikla möguleika á frábærum stað í miðbænum í göngufæri við verslun, þjónustu og menningu. Verð 33,9 millj.**

### Óðinsgata 30. Hæð og ris - sérinngangur.

**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45**




Falleg og þó nokkuð endurnýjuð 70,0 fm. íbúð sem er hæð og ris með sérinngangi. Búið er að endurnýja m.a. baðherbergi, glugga og gler ásamt rafmagni. Þak var yfirfarið og málað árið 2013. Frábær staðsetning í miðborginni. **Gengið inn í íbúðina bakatil. Verð 30,9 millj. Verið velkomin.**

### Bólstaðarhlíð 6. Hæð og ris.

**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 18.15 – 18.45**




142,1 fm. hæð og ris auk 28,0 fm. bílskúr í Hlíðunum. Séríbúð er í risi. Eignin er þó nokkuð upprunaleg hið innra og þarfnast einhverrar endurnýjunar við. Svalir eru til suðvesturs út af stofu á aðalhæð. Bílskúr nýtist sem geymsla og er í fremur slöku ástandi. Frábær staðsetning þar sem stutt er í alla þjónustu og ýmsa skóla. **Verð 49,9 millj. Verið velkomin.**

---

**Reykjavíkurborg**
Umhverfis- og skipulagssvið

# Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.**

## Laugavegur 32B og 34B

Umhverfis og skipulagsráð Reykjavíkur samþykkti þann 3. febrúar 2016 og borgarráð Reykjavíkur þann 11. febrúar 2016 að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi reits 1.172.2 vegna lóðanna nr. 32B og 34B við Laugaveg. Í breytingunni felst að byggja tengibyggingu úr gleri ofan á hluta þaks byggingarinnar, á lóð nr. 32B við Laugaveg, við lóðarmörk í suðaustur, að rífa og endurbyggja eins hæðar skúrbyggingu við lóðarmörk lóðarinnar nr. 34B við Laugaveg til suðurs. Einnig verði leyft að rífa þrjár hæðir af núverandi turnbyggingu við lóðarmörk til suðvesturs. Þess í stað verði leyft að byggja ofan á endurbyggða fyrstu hæð tveggja hæða tengibyggingu sem tengir saman Laugaveg 34A og Laugaveg 34B. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillagan liggur frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 - 16:15, frá 9. mars 2016 til og með 20. apríl 2016. Einnig má sjá tillöguna á heimasíðunni, ***www.reykjavik.is***, undir skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega, til umhverfis - og skipulagssviðs, b.t. skipulagsfulltrúa, eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, eigi síðar en 20. apríl 2016. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Reykjavík 9. mars 2016
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is

---

# VERSLUNARTÆKNI

## Alvöru tæki á góðu verði

**Ryðfrítt vinnuborð m.hillu**
WT03-7-9 70x90
WT03-7-12 70x120
WT03-7-16 70x160
WT02-7-18 70x180







**7 Cold Line Smart**
Cold Line Smart Stálskápar með stál eða glerhurð í tveimur stærðum.
700 eða 1400 lítra - Hægt að fá sem kælir eða sem frystir - Hæð: 2020mm - Dýpt: 585mm
Breidd: 710mm / 1420mm
Stillanlegir stálfætur - 4 hillur í skáp



**Ryðfrítt stálborð m.vaski**
XT04-7-12 70x120
með vaski vinstra meginn
XT04-7-12 R 70x120
með vaski hægra meginn
XT04-7-15 70x150
með vaski vinstra meginn
Xt04-7-15 R 70x150
með vaski hægra meginn




ARISTARCO
Uppþvottavélar fyrir allar stærðir atvinnueldhúsa og mötuneyta.



AH 1000 uppþvottavél Allt að 60 körfur á klst
AS 50.35 uppþvottavél framhlaðin hæð 40 cm

**VERSLUNARTÆKNI**
Draghálsi 4 - 110 Reykajvík
Sími: 535 1300 - Fax: 535 1305 - verslun@verslun.is

2015 Framúrskarandi fyrirtæki

Sjáðu heimasíðuna www.verslun.is

**Pöntunarsími: 535 1300**

taktik/4609#feb16

um 60 prósent á um fjórum árum. Þá hafi verðhækkanir á atvinnuhúsnæði verið 13,4 prósent síðasta árið.

Á Hverfisgötunni, nokkrum metrum frá geti leiguverð á verslunarfermetra verið mun lægra, sem og ofar á Laugavegi. „Það ræðst af þeim mikla ferðamannastraumi sem er á þessu svæði.“

Magnús veltir því upp hvað atvinnulífið geti borið hátt leiguverð. „Það kemur að því að menn verða að hækka verð og setja þetta út í verðlag,“ segir hann. Þá megi búast við því að starfsemi sem ekki geti borið hærri leigu þurfi að færa sig annað en ábatasamasta starfsemin á bestu svæðunum haldi velli, svo sem í Kringlunni, Smáralind, Borgartúni og miðbænum,“ segir Magnús. Leiguverð sé síðan lægra í öðrum hverfum.

**Búast við frekari hækkunum**

Ýmsir þættir koma saman til að auka eftirspurn eftir atvinnuhúsnæði. Magnús bendir á að stórir árgangar á milli tvítugs og þrítugs séu að stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaði. Auk þess sé erlent vinnuafl að flytja til landsins í auknum mæli, minnkandi atvinnuleysi og almennt góður hagvöxtur. Þetta auki eftirspurn eftir atvinnuhúsnæði í öllum flokkum.

Ásgeir Jónsson, dósent í hagfræði við Háskóla Íslands segir að lítið sé um nýbyggingar á atvinnuhúsnæði og því megi búast við því að leiguverð haldi áfram að hækka.

„Nýtingin hefur verið að hækka í uppgjörum hjá félögunum. Það er vísbending um að það fari bráðum að myndast skortur,“ segir Ásgeir en nýting á húsnæði fasteignafélaganna var á milli 93 og 97 prósent í lok árs.



**Helgi S. Gunnarsson, forstjóri Regins, með Smáralindina, eina stærstu eign Regins, í baksýn.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Leigusamningar orðnir styttri og sveigjanlegri

Helgi Gunnarsson, forstjóri Regins, segir að breyting sé að verða á markaðnum í þá átt að leigusamningar séu almennt að styttast sem auki sveigjanleika bæði fasteignafélaganna og fyrirtækjanna til að takast á við breytingar. Áður fyrr hafi algeng lengd leigusamninga verið tíu ár en þeir séu að styttast í fimm til sjö ár.

Þá séu stór fyrirtæki í auknum mæli að fara blandaða leið með því að eiga hluta af húsnæði sem fer undir starfsemi þeirra en leigja hluta þess. Þetta sé hluti af ákveðinni áhættudreifingu.

**Nýtingin hefur verið að hækka í uppgjörum hjá félögunum. Það er vísbending um að það fari bráðum að myndast skortur.**



Ásgeir Jónsson, dósent í hagfræði við Háskóla Íslands.

**93-97**

**prósent var útleiguhlutfall á húsnæði fasteignafélaganna í árslok.**

Engu að síður hafi markaðurinn með atvinnuhúsnæði tekið mun hægar við sér en hann hafi átt von á. Markaðurinn sé yfirleitt síðasti eignamarkaðurinn sem hækki í verði í uppsveiflu. Almennt hækki skuldabréfamarkaður fyrst, svo hlutabréfamarkaður, þá markaður fyrir íbúðahúsnæði og síðast markaður fyrir atvinnuhúsnæði. Í síðustu uppsveiflu hafi atvinnuhúsnæði ekki byrjað að hækka fyrr en árið 2006, þremur árum eftir að uppsveiflan hófst. En þegar markaðurinn fari að hækka sé hann háður meiri sveiflum en markaðurinn með íbúðarhúsnæði. „Þegar fer að vanta atvinnuhúsnæði hækkar verðið tiltölulega skarpt,“ segir Ásgeir.

**Offjárfest í húsnæði fyrir hrun**

„Eftirspurn hefur aukist mikið, sérstaklega eftir minna atvinnuhúsnæði og einnig eftir skrifstofuhúsnæði,“ segir Helgi Gunnarsson, forstjóri Regins. Félagið hafi séð merki þess að eftirspurn hafi aukist verulega á síðustu tólf mánuðum. Helgi bendir á að á Lindasvæðinu, þar sem Reginn eigi mikið af eignum, sé til að mynda fullnýtt. Á vinsælustu svæðunum sem best séu nýtt megi búast við því að leiguverð haldi áfram að hækka.

„Í hruninu voru fyrirtæki, einstaklingar og opinberir aðilar búnir að offjárfesta. Það var gríðarlega mikið af tómu húsnæði. Þetta húsnæði hefur smám saman verið að fara í vinnu með bættum efnahag hjá fyrirtækjum og einstaklingum,“ segir Helgi.

Reginn, hefur tvöfaldast að stærð frá árinu 2012. Hagnaður félagsins nam 4,4 milljörðum í fyrra og tvöfaldaðist milli ára. Rekstrarhagnaður félagsins fyrir hækkun á mati fasteigna nam 3,6 milljörðum miðað við þrjá milljarða króna árið 2014. Hækkun á mati fasteigna nam 3,5 milljörðum króna miðað við 1,2 milljarða króna árið 2014.

Félagið hyggst á næstu vikum ganga frá kaupum á eignasöfnunum CFV 1 ehf. og Ósvör ehf. að fengnu samþykki hlutahafafundar fyrir útgáfu nýs hlutafjár. Félögin tvö eiga 23 fasteignir í 43 þúsund fermetra húsnæði.

Eik, sem enn er minnsta félagið, hefur vaxið hraðast á undanförnum árum, félagið nær þrefaldaðist að stærð árið 2014. Leigutekjur félagsins hafa samhliða því aukist verulega og námu 5,9 milljörðum króna á síðasta ári en voru 1,8 milljarðar árið 2012.

Hagnaður Eikar nam 4,6 milljörðum á síðasta ári. Þar af nam hækkun á virði fasteigna félagsins 4,2 milljörðum króna. Lagt er til að 820 milljónir króna verði greiddar í arð. Í rekstraráætlun næsta árs kemur fram að félagið hyggist áfram leggja áherslu á að stækka eignasafnið innan helstu viðskiptakjarna höfuðborgarsvæðisins.

**Reitir langstærsta félagið**

Reitir eru langstærsta fasteignafélagið, markaðsvirði þess, 63 milljarðar króna er hærra en hinna tveggja félaganna samanlagt. Heildareignir Reita námu 112 milljörðum um síðustu áramót og eiginfjárhlutfall var 41,4 prósent. Félagið hagnaðist um 7,4 milljarða á síðasta ári en þar af komu 6,5 milljarðar til vegna hækkunar á mati fasteigna félagsins. Þá hækkuðu leigutekjur um 400 milljónir milli ára og námu 6,4 milljörðum króna. Af því er stefnt að greiða milljarð í arð og að endurkaup hlutabréfa nemi 1,5 milljörðum króna.





**Ráðstefna í Hörpu 6.apríl 2016**

Lean Ísland er stærsta stjórnendaráðstefnan hér á landi. Þar færðu að heyra það helsta úr heimi stjórnunar hvort sem um er að ræða straumlínustjórnun, gæðastjórnun, breytingastjórnun eða ferlastýringu svo dæmi séu tekin.

Skráning er hafin á:
**www.leanisland.is**

Hvort sem þú ert í þjónustu eða framleiðslu, stjórnandi eða sérfræðingur, byrjandi eða lengra komin, í banka eða opinbera geiranum, að þá finnur þú eitthvað við þitt hæfi á Lean Ísland ráðstefnunni og námskeiðum í Lean Ísland vikunni.

Fyrirlesarar koma víða að, m.a. frá Goodyear Tire, Spotify, Nike, Christleton High School, QuizUp, LNS Saga, Arion banka og fleiri.

Gull samstarfsaðilar: ÖSSUR® ICELANDAIR

Silfur samstarfsaðilar: ON ORKA NÁTTÚRUNNAR AZAZO capacent

LEAN ÍSLAND 2016

HALLDÓR KR. JÓNSSON



## Í starf hjá Hugbúnaði

Halldór Kr. Jónsson hefur verið ráðinn sölu- og verkefnastjóri fyrir Centara á Íslandi. Hugbúnaður hf. framleiðir verslunar- og veitingahúsakerfið Centara sem er markaðssett á alþjóðlegum markaði. Í tilkynningu segir að Halldór hafi langa og fjölbreytta reynslu úr upplýsingatæknigeiranum. **– jhh**

HULDA BJARNADÓTTIR



## Til Viðskiptaráðs

Hulda Bjarnadóttir hefur verið ráðin framkvæmdastjóri alþjóðasviðs Viðskiptaráðs Íslands.

Alþjóðasvið er sjálfstætt svið sem tengist Viðskiptaráði Íslands sterkum böndum og mun Hulda stýra þeim ellefu millilandaviðskiptaráðum sem þar eru starfrækt. **– jhh**

# Ómúsíkölsk sjósundskona sem hefur alltaf elskað að ferðast

Hrafnhildur Hafsteinsdóttir er nýr framkvæmdastjóri FKA. Hún hefur fimmtán ára reynslu í stjórnunar-, markaðs- og kynningarmálum. Utan vinnunnar er aðaláhugamálið að eyða gæðastundum með fjölskyldunni, ferðast um heiminn og að stinga sér til sunds bæði í Nauthólsvík og Meðalfellsvatni.

## SVIPMYND

**HRAFNHILDUR HAFSTEINSDÓTTIR**

Hrafnhildur Hafsteinsdóttir hefur verið ráðin framkvæmdastjóri Félags kvenna í atvinnulífinu og mun hún taka við starfinu þann 1. maí næstkomandi.

„Ég er ótrúlega spennt fyrir þessu nýja starfi. Ég hef fylgst með FKA í mörg ár og hvað þetta félag hefur verið að gera góða hluti. Þetta verður spennandi áskorun,“ segir Hrafnhildur. Hún segir að hún muni leggja upp úr því að sameina raddir samfélagsins í starfinu. „Það sem mér finnst skipta gríðarlega miklu máli í samfélagi okkar í dag er sameining, sameiginlega erum við sterkari. Ég held að við viljum öll það sama, við viljum öll jafnrétti á vinnumarkaði, launajafnrétti og konur í stjórnir og stjórnendastöður en segjum það kannski á mismunandi hátt. Ég vil sameina raddirnar.“

Hrafnhildur hefur fimmtán ára reynslu í stjórnunar-, markaðs- og kynningarmálum. Hún starfaði sem verkefnastjóri MBA-náms í Háskólanum Reykjavík frá 2007 en áður var



**Hrafnhildur Hafsteinsdóttir hefur mikinn áhuga á ferðalögum og hefur menntað sig víða í heiminum.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> **Ég passa ekki þarna inn, ég held að ég sé ómúsíkalskasta kona sem finnst, en ég hef þó gaman af tónlist.**
>
> Hrafnhildur Hafsteinsdóttir

hún kynningarstjóri Námsgagnastofnunar.

Hún segir reynsluna í HR koma til með að nýtast vel í nýju starfi. „Þetta er rosalega fjölbreytt starf og það er mikil alþjóðleg tenging og tenging við atvinnulífið. Frá 2007 hef ég útskrifað átta árganga af stjórnendum þannig að ég hef unnið með þeim við alls konar áskoranir í gegnum árin."

Hrafnhildur hefur víðtæka menntun. Hún er með PLD frá IESE Business School í Barcelona, BA-gráðu í almannatengslum frá Auckland University of Technology á Nýja-Sjálandi og IAA diplómagráðu í markaðs- og auglýsingafræðum frá IACT í Kúala Lúmpúr.

„Ég hef alltaf elskað að ferðast. Þetta er oft mjög skrítið hvernig maður endar á ákveðnum stöðum. Ég var flugfreyja að fljúga og fann mjög flottan skóla sem kenndi alþjóðlega gráðu í markaðs- og auglýsingafræðum í Kúala Lúmpúr. Ég hafði verið að fljúga þangað og ákvað að stökkva til og flytja þangað í tvö ár og svo kláraði ég námið á Nýja-Sjálandi.

Hrafnhildur er gift Bubba Morthens og eiga saman eiga þau sex börn. Hrafnhildur segir aðaláhugamálið vera að eyða tíma með fjölskyldunni. „Mér finnst skemmtilegast af öllu að vera með fjölskyldunni minni. Við förum í sveitina, að veiða, ferðumst og njótum þessara litlu hluta í lífinu sem skipta svo miklu máli.“

Hrafnhildur segir heimilið mjög músíkalskt, en allar stelpurnar æfi á hljóðfæri. „Ég passa ekki þarna inn, ég held að ég sé ómúsíkalskasta kona sem finnst, en ég hef þó gaman af tónlist.

Svo finnst mér rosalega gaman að fara í sjósund, þannig að ég mun viðhalda tengingunni við HR, með því að halda áfram sjósundinu í Nauthólsvíkinni. Svo er ég svo heppin að búa við Meðalfellsvatn og ég stekk þangað inn á sumrin,“ segir Hrafnhildur.

**saeunn@frettabladid.is**



# Bertrand Kan tekur sæti í stjórn Símans


Bertrand Kan

Bertrand Kan mun taka sæti í stjórn Símans á næsta aðalfundi sem fer fram á morgun. Framboðsfrestur rann út þann 5. mars síðastliðinn. Fimm manns voru í framboði og eru stjórnarsætin fimm. Auk Bertrands kemur Birgir Sveinn Bjarnason inn í stjórnina. Ingimundur Sigurpálsson og Helgi Magnússon hverfa á braut.

Bertrand var í hópi þeirra manna sem keyptu hlut í símanum áður en hann var Skráður á markað. Í viðtali við Markaðinn í október sagði hann að það hefði verið hugmynd stjórnenda Símans að hann kæmi að þeirri fjárfestingu.

„Mér hefur líkað vel við Símann í þau rúm tíu ár sem ég hef þekkt fyrirtækið. Ég sagðist því vera áhugasamur og þannig byrjaði það,“ segir Kan. Hann vill ekki greina frá því hvað hann keypti stóran hlut sjálfur. „Mér finnst það ekki skipta máli. Ég er ekki stærsti hluthafinn í hópnum og ekki sá minnsti. Ég er í miðjunni og er hluti af hópnum.“ – **jhh**

# Fjarskiptamarkaðurinn tekur breytingum

Virði eigin fjár Vodafone er um 15,6 milljarðar sem jafngildir hlutabréfagengi 46,4. Virði Símans er að mati Capacent 27,2 milljarðar króna. Það jafngildir hlutabréfagenginu 2,8. Þetta kemur fram í greiningu Capacent á fjarskiptamarkaðnum. Síminn og Fjarskipti eru einu fyrirtækin á fjarskiptamarkaði sem eru skráð í Kauphöll Íslands.

Í greiningunni kemur fram að undanfarin fimm ár hafi tekjur stóru fjarskiptafélaganna þriggja, Símans, Fjarskipta og Nova, vaxið að meðaltali um 0,8 prósent árlega. Þar kemur líka fram að heildarvöxturinn sé minni en hagvöxtur á sama tímabili, en sé í takt við fólksfjölgun. En þrátt fyrir lítinn vöxt heildarinnar hafa verið töluverðar innbyrðis hreyfingar.


**Nova hefur bætt mest við sig á farsímamarkaði.** NORDICPHOTOS/GETTY

Nova hefur aukið hlutdeild sína á markaði úr 6 prósentum í 15 prósent. Síminn hefur lækkað um sex prósent og Vodafone um þrjú prósent. – **jhh**








## Ferðaþjónusta

**Sváfnir Gíslason,**
viðskiptastjóri á Fyrirtækjasviði Íslandsbanka

# Reynir á innviði höfuðborgarsvæðisins

Sú mikla fjölgun ferðamanna sem spáð er hefur vakið vangaveltur um hvort nægt gistirými sé fyrir alla þessa ferðamann á höfuðborgarsvæðinu. Í fyrra var 225% aukning hjá AirBNB frá október 2014 til október 2015 í seldum gistinóttum- þrátt fyrir sögulegt metár í byggingu nýrra hótelherbergja. Útlit er fyrir að deilihagkerfið þurfi að stækka enn meir í ár.

Greining Íslandsbanka spáir því að ferðamönnum muni fjölga um 365 þúsund (29%) á árinu 2016. Miðað við meðaldvalarlengd merkir þetta að útvega þurfi 540 þúsund fleiri gistinætur á höfuðborgarsvæðinu á árinu m.v. árið 2015. Á móti er útlit fyrir um 300 ný hótelherbergi á árinu 2016 en þau hótel fjölga mögulegu framboði gistinátta um ca. 82.000 að því gefnu að nýting hótela verði 8%. Með því að auka nýtingu á öllum hótelmarkaðnum á höfuðborgarsvæðinu í 81% að meðaltali þá er svigrúm til að fjölga gistinóttum um ca 263 þúsund á hótelum. Þá vantar ennþá 276 þúsund gistinætur á markaðinn á höfuðborgarsvæðinu. Til þess að setja það í samhengi þá kom fram í skýrslu Greiningar Íslandsbanka að allur AirBnB-markaðurinn á höfuðborgarsvæðinu hefði selt um 357 þúsund gistinætur á árinu 2015. Það er ljóst að öll önnur gisting en hótelgisting þarf að aukast gríðarlega á árinu 2016 ef höfuðborgarsvæðið á að geta tekið við þessari fjölgun ferðamanna á árinu 2016 eða ferðamenn þurfa í auknum mæli að fara út á landsbyggðina á vetrarmánuðunum til að ná sér í gistingu.

Ef við skoðum þessar sömu tölur út frá spá ISAVIA um fjölgun ferðamanna upp á 37% á árinu 2016 þá vandast málin enn frekar. Ef fjölgunin verður 37% þá þýðir það að útvega þarf 670 þúsund gistinætur til viðbótar á höfuðborgarsvæðinu en allur hótelmarkaðurinn á höfuðborgarsvæðinu seldi um 1,8 milljónir gistinótta á árinu 2015. Ef við notum sömu forsendur hér að framan og segjum að meðalársnýting á hótelum á höfuðborgarsvæðinu verði hæst 81% þá þarf annars konar gisting að útvega viðbótar 414 þúsund gistinætur til viðbótar á árinu 2016, sem þýðir að AirBNB-markaðurinn þurfi að rúmlega tvöfaldast miðað við umfang hans árið 2015. [EOH1] Það verður því fróðlegt að litast um miðbæinn okkar í sumar.

> **Útlit er fyrir að deilihagkerfið þurfi að stækka enn meir í ár.**
>
> Sváfnir Gíslason viðskiptastjóri

## Fagna 100 ára afmæli BMW




BMW varð 100 ára á mánudaginn, en fyrirtækið var stofnað 7. mars 1916. Af því tilefni var þessi fallegi BMW 328 frá árinu 1937 til sýnis þegar blaðamannafundur fór fram í München í Þýskalandi. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Fljótandi eða fast gengi – lærdómur frá norrænum ríkjum



**Lars Christensen**
alþjóðahagfræðingur

Norðurlöndin fimm, Danmörk, Svíþjóð, Noregur, Finnland og Ísland, eru stofnanalega og menningarlega mjög svipuð og öll fimm ríkin eru mjög opin fyrir alþjóðaviðskiptum en þau hafa einnig rausnarleg velferðarkerfi.

En frá því að efnahags- og fjármálakreppan hófst um allan heim 2008 hefur frammistaða ríkjanna fimm verið merkilega ólík.

Þannig hafa Svíþjóð og Ísland náð sér að fullu eftir kreppuna. Það átti líka við um Noreg í fyrstu, en verðfallið á olíu síðustu tvö árin hefur komið illa við norska hagkerfið sem byggist á olíuútflutningi.

Tvö ríki hafa hins vegar dregist alvarlega aftur úr – Danmörk og Finnland.

### Of stífri peningamálastefnu um að kenna

Kerfislæg vandamál í Danmörku (of háir skattar og óhóflega rausnarlegt velferðarkerfi) og Finnlandi (stór opinber geiri og mjög stífur vinnumarkaður) hafa örugglega einnig haft sitt að segja.

Það er hins vegar erfitt að líta fram hjá þeirri staðreynd að bæði Finnland og Danmörk hafa fast gengi – Finnland sem meðlimur evrusvæðisins og Danmörk í gegnum fastgengiskerfi sem er fest við evruna. Þetta þýðir að í tilfellum beggja landanna hefur Seðlabanki Evrópu sett peningamálaskilyrði sem henta þörfum alls evrusvæðisins en ekki einstakra landa.

Öfugt við þetta hafa Svíþjóð, Ísland og Noregur fljótandi gengi sem þýðir að seðlabankar þessara landa hafa getað stýrt peningamálastefnunni samkvæmt þörfum þessara hagkerfa.

Þetta hefur tvisvar verið sérstaklega mikilvægt síðan 2008. Fyrst þegar upphaflega áfallið reið yfir 2008 og síðan árið 2011 þegar evrópski seðlabankinn hækkaði tvisvar stýrivexti með hörmulegum afleiðingum.

Til að viðhalda föstu gengi gagnvart evrunni herti Danmörk peningamálastefnu sína verulega árið 2008 með því að hækka vexti og grípa sterkt inn í á gjaldeyrismörkuðum á meðan Noregur, Svíþjóð og Ísland gátu leyft verulegt gengisfall á gjaldmiðlum sínum og lækkað vexti til að vega upp á móti neikvæðum áhrifum kreppunnar. Þetta er líklega ástæða fyrir því að Danmörk fór verr út úr bankakreppunni en Noregur og Svíþjóð (Ísland er augljóslega allt annar handleggur).

Hin óráðlega ákvörðun Seðlabanka Evrópu að hækka vexti 2011 kom frekar illa út fyrir bæði Danmörku og Finnland á meðan „fleytendurnir“ gátu að mestu forðast að „flytja inn“ mistök evrópska seðlabankans. Afleiðingin varð sú að „bilið“ á milli norrænu „fleytendanna“ og „fastgengislandanna“ breikkaði enn.

Það er vissulega ekki gefið að fast gengi þýði sjálfkrafa veikari hagvöxt, en síðan 2008 hefur fast gengi Danmerkur gagnvart evrunni og evruaðild Finnlands sannarlega stuðlað að því að löndin tvö hafa „dregist aftur úr“ á Norðurlöndunum og bæði löndin hefðu ugglaust staðið sig betur með fljótandi gengi í stað þess að fylgja peningamálastefnu Seðlabanka Evrópu.

### Landsframleiðsla á mann




# Hvernig getur samfélagið grætt á skipulagi?



## Hin hliðin

**Halldóra Hreggviðsdóttir**
framkvæmdastjóri Alta ehf.

Ef skipulag felur í sér skýra og raunhæfa áætlun um það hvernig auka má lífsgæði á tilteknum stað verða strax til verðmæti, þótt framkvæmdir séu ekki hafnar. Þetta er eins og skyndileg verðhækkun hlutabréfa í fyrirtæki sem tilkynnir vel heppnaða vöruþróun og raunhæfar væntingar um arðsama framleiðslu vörunnar, þótt framleiðslan sé ekki hafin. Í fyrirtækinu njóta hluthafar ábatans, því stjórnendur sem starfa í þeirra umboði hafa ráðstafað hyggilega þeim verðmætum og tækifærum sem fyrirtækið hafði úr að spila. Á hinn bóginn felur skipulag í sér ráðstöfun á verðmætum og tækifærum sem samfélagið á sameiginlega og við felum kjörnum fulltrúum að vinna úr þeim sem best.

Tökum dæmi. Það felur í sér lífsgæði að búa nálægt góðum almenningssamgöngum. Raunhæft er að ætla að íbúð sem þannig er staðsett sé umtalsvert verðmætari en sams konar íbúð annars staðar. Það er hins vegar samfélagið allt sem kostar uppsetningu og rekstur almenningssamgangnanna og einkaaðilar sjá til þess að íbúðin rísi og verði föl fyrir þá sem vilja njóta staðsetningarinnar. Háa verðið, sem Ása íbúðarkaupandi er tilbúin til að greiða Signýju byggingaverktaka fyrir svo vel staðsetta íbúð, þarf að hluta að renna til Helgu skattgreiðanda sem tekur á sig kostnaðinn við samgöngukerfið. Ef það tekst, má ætla að Helga vilji frekar kjósa fulltrúa sem skipuleggja þessi auknu gæði inn í byggðina, þótt hún njóti þeirra aðeins óbeint sjálf. Signý græðir e.t.v. ekki eins mikið og ef hún sæti að öllum hagnaðinum sjálf en á hinn bóginn er líklegra að verkefnið verði að veruleika yfirleitt. Ása fær það borgarumhverfi sem hún kýs að búa í. Samfélagið fjármagnar þannig almenningssamgöngurnar með greiðsluvilja íbúðarkaupenda.

Í sæmilega þéttri byggð eru um 1.500 íbúðir innan 5 mínútna göngufjarlægðar frá viðkomustað almenningssamgangna. Fyrir hverjar 100 þúsund krónur, sem við giskum á að verð íbúðar hækki um vegna hinna auknu gæða, geta þá allt að 150 milljónir runnið í stofnkostnaðinn.

Hvernig komum við þessu til leiðar? Sækja má reynslu til annarra þjóða en þar hafa ýmis form samstarfs milli opinberra aðila og einkaaðila verið reynd. Einnig þarf að huga að lagaheimildum stjórnvalda.


Umhverfisvæn hús hönnuð af
PHILIPPE STARCK
NÝTT: Umhverfisvæn og tímalaus hönnun
Mjög hagstæð verð
Hótel – Sumarhús - Skrifstofur – Einbýli - Fjölbýli
Fullbúin hús eftir hönnun Starcks sett upp á nokkrum vikum af okkar sérfræðingum
Einnig hús byggð eftir þínum teikningum
P.A.T.H.
BY
STARCK®
WITH
RIKO®
Frekari upplýsingar: www.first.is // 562 2900 // info@first.is
FIRST

# MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 9.mars 2016

Íslenska úrvalsvísitalan
1.889,62 - 5,65
(0,02%)

vísir www.visir.is

Viðskiptavefur Vísis @VisirVidskipti


## Stjórnarmaðurinn

@stjornarmadur

## Hlustað á gagnrýni

**Aðalfundur** Símans fer fram í vikunni og er athyglisverður fyrir nokkurra hluta sakir. Fyrir það fyrsta er þetta fyrsti aðalfundur félagsins eftir að það var skráð á markað síðastliðið haust.

**Það sem vekur** þó sérstaka athygli stjórnarmannsins eru breytingar á stjórn félagsins. Bertrand nokkur Kan kemur nýr inn í stjórnina, en hann var í forgrunni hóps fjárfesta sem fengu að kaupa bréf í Símanum af Arion banka á sérstökum vildarkjörum rétt áður en til skráningar kom.

**Fjárfestarnir** innleystu snöggan og öruggan pappírshagnað af þeim viðskiptum, þótt vissulega væru söluhömlur á hlutnum til ákveðins tíma.

**Fyrirkomulag** þetta fékk mikla gagnrýni á sínum tíma. Vildarkjörin voru réttlætt með því, að fjárfestarnir byggju yfir einstakri sérþekkingu sem hjálpa myndi félaginu og auka virði þess til langs tíma. Þrátt fyrir það bólaði ekkert á því að einhver úr hópnum tæki stjórnarsæti, eða kæmi að rekstri félagsins með neinum hætti. Bertrand Kan sjálfur lýsti því svo yfir í viðtali að ekkert slíkt stæði til.

**Úr því hefur** nú verið bætt og Kan tekur nú sæti í stjórn eins og áður sagði. Sennilegt er, miðað við ummæli Kans, að Síminn sé með þessu að bregðast við gagnrýnisröddum. Nú verður spennandi að fylgjast með Símanum og hvort sérþekking Kans, og annarra erlendra sérfræðinga, hafi markték áhrif á stefnu og stjórnun félagsins. Einungis þannig verða vildarkjörin umdeildu réttlætt.

**Á sama tíma** hverfur lífeyrissjóðakóngurinn Helgi Magnússon úr stjórninni. Það eru nokkur tíðindi en Helgi hefur legið undir nokkurri gagnrýni fyrir að blanda saman eigin fjárfestingum og trúnaðarstörfum fyrir lífeyrissjóðina. Hann virðist nú vera markvisst að draga sig úr fremstu víglínu.

**Í báðum tilvikum** er líklegt að verið sé að taka tillit til gagnrýni fjölmiðla og annarra. Hver sagði svo að ekkert hefði breyst í íslensku viðskiptalífi?

## 26%

**FJÖLGUN FARÞEGA HJÁ ICELANDAIR**

Icelandair flutti 181 þúsund farþega í febrúar. IFS segir þetta langt yfir væntingum greiningaraðilla, en þar á bæ höfðu menn spáð 166 til 169 þúsund farþegum í febrúar. Fjölgun farþega er 26% frá sama tímabili í fyrra og sætaframboð jókst um 23%. Nýtingarhlutfall er 79% sem er 1,6% aukning í nýtingu frá fyrra ári.

## 25%

**SAMDRÁTTUR Í ÚTFLUTNINGI**

Útflutningur frá Kína dróst saman um 25,4 prósent í febrúar frá fyrra ári. Innflutningur dróst hins vegar saman um 13,8 prósent. Áður hafði verið greint frá því að hagvöxtur í Kína hefur ekki verið minni í 25 ár. Þjóðþingið í Kína hefur nýlega endurskoðað hagvaxtarspá fyrir árið 2016 og spáir því að berjast verði fyrir hagvexti.

**08.03.2016**

**Það getur vel verið að þessi reikniregla sé fín þegar fyrirtæki eru ekki of stór til að falla. En þegar við erum með fyrirtæki sem eru þannig að það þykir eðlilegt að bjarga þeim á kostnað skattgreiðenda þá verður að gera meiri kröfur til eiginfjár.**

Frosti Sigurjónsson
alþingismaður.







ÞJÓNUSTA
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN
Sími 511 1234 • www.gudjono.is

Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland

## Bókhald

**Bókhald**
- Skattframöl einstaklinga
- Skattframtöl fyrirtækja
- Bókhald einstaklinga og fyrirtækja
- Bókhald húsfélaga
- Laun og skilagreinar
- Stofnun fyrirtækja

**Sanngjarnt verð**

Bókhaldsþjónustan Viðvik ehf
Síðumúla 1 108 Reykjavík
581-1600 • www.vidvik.is

HSE Bókhald & Uppgjör slf
Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör.
Ódýr og góð þjónusta
www.hsebokhald.is
hsebokhald@hsebokhald.is
Sími: 6926910

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Viðgerðir

Heimilistæki - Viðgerðarþjónusta - Viðhald. Sækjum og skilum. Casa-Raf ehf S. 845 5976

## Húsaviðhald

k2
LOFTSTOKKAHREINSUN
- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR



Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

**HÚSASMÍÐAMEISTARI**
getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 897 4720 eða bragi@boga.is

ÞAK.IS

Eru þakrennurnar og niðurföllinn farinn að leka ? Hafðu samband við okkur við tökum að okkur uppsetningar og endurnýjun og hreinsun á þakrennum. Einnig Þakskipti, og alla aðra blikk eða smíðavinnu. Uppl. í s.6996980

Baðherbergi og lausnir. Sérhæfum okkur í endurnýjun baðherbergja. Öll þjónusta - einn tengiliður. Tímapantanir í skoðun. S. 7804402

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 695 9434, Zanna.

## Spádómar

**SÁ SÍMASPÁ Í S. 844 6845 / 462 4564**
Frá kl. 14:00. Spái í spil og bolla. Leiðb. Geymið auglýsinguna. Er á facebook: SÁ

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

# KEYPT & SELT

## Til sölu

myranaut

Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
**Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin ) Upplýsingar í síma 661 7000**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

# HEILSA

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

**VINNINGUR.**
kveðja Sigurður.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS STARFSMANNABÚSTAÐIR FYRIR VERKTAKA, LÁGMARKSALDUR 25 ÁRA.**
Dalshraun 13 HafnarfirðiFunahöfða 17a-19, Reykjavík Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi VERÐ FRÁ 55.000 á mán. Rent a room price from 55.000 kr. per month.
**gsm 777 1313leiga@leiguherbergi.is**

## Húsnæði í boði

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Geymsluhúsnæði

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**SMIÐIR**
Óska eftir smiðum í vinnu. Umsóknir sendist á: bosmidir@bosmidir.is

Óska eftir manni á gröfu og í hellulagnir. Uppl. í s. 893-0173.

**NOTAR FYRIRTÆKI ÞITT DIESEL OLÍU?**

**Höfum til sölu fullkomin framleiðslubúnað fyrir Bio-Diesel olíu. Framleiðslugeta um 6000 lítrar á sólarhring. Ótrúlega gott verð. Tilboð og ýmis skipti skoðuð.**

**Uppl. gefur Óskar Mikaelsson lögg. Fasteignasali Í síma 773-4700 oskar@atv.is**

**Vantar 450-550 fm atv.húsnæði**

**Í Kópavogi eða Garðabæ. Þurfa að hafa háar hurðir og gott útipláss.**

**Uppl. gefur Óskar Mikaelsson lgf. í s. 773-4700 & oskar@atv.is**



**Borgir**
**Borgarbyggð**

Glæsileg 300 ha jörð sem liggur meðfram Norðurá
Veiðihlunnindi af bæði Norðurá og Gljúfurá
Yfir 800 fm af húsakosti m.a. einbýli, bílskúr og vélageymsla
Gott útsýni frá jörð, ýmsir möguleikar í boði

**Óskað er eftir tilboðum**



Nánari upplýsingar veitir
**Jón Rafn Valdimarsson**
löggiltur fasteignasali
sími: 695 5520
jon@miklaborg.is

FASTEIGNASALAN MIKLABORG 569 7000 Lágmúla 4 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

**Naustabryggja 54-56**
4ra herbergja í lyftuhúsi



**OPIÐ HÚS**
**fimmtudaginn 10.mars kl.17:30-18:00**



Falleg íbúð á þriðju hæð
að stærð 114,4 fm
Einstakt sjávarútsýni
Þrjú svefnherbergi
Tvö baðherbergi
Verð: **39,9 millj.**



Nánari upplýsingar veitir
**Jórunn Skúladóttir**
löggiltur fasteignasali
sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

FASTEIGNASALAN MIKLABORG 569 7000 Lágmúla 4 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

**Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar**

Eyjafjarðarsveit

**Gönguleið og reiðleið frá Akureyri að Hrafnagilshverfi**

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar auglýsir hér með tillögu að breytingu á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2005-2025 skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Breytingin felst í því að legu gönguleiðar GL-1 og reiðleiðar HL-1 (héraðsleið) sem liggja frá Akureyri að Hrafnagilshverfi er breytt á hluta leiðarinnar.

Tillagan mun liggja frammi á skrifstofu sveitarfélagsins að Skólatröð 9 og hjá Skipulagsstofnun Laugarvegi 166 í Reykjavík frá 9. mars til og með 20. apríl 2016. Tillagan verður einnig aðgengileg á heimasíðu Eyjafjarðarsveitar á www.esveit.is.

Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er þannig gefinn kostur á að kynna sér tillöguna og gera athugasemd við hana. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast á skrifstofu Eyjafjarðarsveitar að Skólatröð 9, 601 Akureyri, eða á netfangið esveit@esveit.is í síðasta lagi þann 20. apríl 2016.

*Skipulagsfulltrúi Eyjafjarðarsveitar*

Hákon Svavarsson, löggiltur fasteigna-, fyrirtækja og skipasali

VALFELL
FASTEIGNAMIÐLUN OG RÁÐGJÖF

**Rekagrandi**
**hæð og ris ásamt stæði í bílskýli**





Vorum að fá í sölu fallega 87 fm íbúð á ibúð á tveimur hæðum með fallegu útsýni af stórum suðursvölum. Á hæðinni er rúmgott svefnherbergi, flísalagt baðherbergi með baðkari, tengi fyrir þvottavél á baði. Alrými sem stendur af holi, eldhúsi og stofu. Hringstigi úr holi upp í ris. (flatarmál íbúðar er meira, þar sem efri hæð er undir súð).

Í risinu er snyrting, herbergi og stórt opið rými þar sem hjónaherbergið er opið i rúmgott miðjurými. Möguleiki er á að stúka af rými í risi í tvö svefnherbergi. Hús að utan málað og viðgert árið 2015.
**Ásett verð 37,9 millj.**

**Kirkjubraut 5, 300 Akranesi og Borgartúni 6, 4 hæð, 105 Reykjavík**
**Sími: 570 4824 • Fax: 570 4820 • hakon@valfell.is og max@valfell.is**

**Fjarðarás 19**



**OPIÐ HÚS Í DAG**
**miðvikudaginn 9.mars kl.17:00-18:00**



**Helgi Jónsson**
aðstm. fasteignasala
sími: 780 2700
helgi@miklaborg.is



**Gunnar Helgi Einarsson**
löggiltur fasteignasali
sími: 615 6181
gunnarhelgi@miklaborg.is

Mjög falleg 279,1 fm einbýlishús á tveimur hæðum með 3 herb. aukaíbúð á jarðhæð ásamt mögulegri studioíbúð í bílskúr. Mjög fallegur garður.
Eign vel staðsett stutt í skóla og aðra þjónustu.
Verð: **79,9 millj.**

FASTEIGNASALAN MIKLABORG 569 7000 Lágmúla 4 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

## ✝ Páll Helgason
### tónlistarmaður og kórstjóri



**Páll Helgason, tónlistarmaður og kórstjóri, lést laugardaginn 5. mars á sjötugasta og öðru aldursári. Páll var fæddur á Akureyri 23. október 1944. Foreldrar hans voru Helgi Pálsson, kaupmaður og bæjarfulltrúi, f. á Akureyri 14. ágúst 1896, d. 19. ágúst 1964, og Kristín Pétursdóttir húsmóðir, f. 8. janúar 1900 á Tjörn í Vindhælishreppi í Austur-Húnavatnssýslu, d. 5. desember 1989.**

Páll spilaði á gítar og bassa m.a. með hljómsveit Ingimars Eydal á hótel KEA. Páll stundaði síðar nám við Tónlistarskóla Mosfellshrepps undir stjórn Ólafs Vignis Albertssonar og lauk þaðan 8. stigi í tónfræðum. Hann kenndi ennfremur tónlist við Klébergsskóla og Ásgarðsskóla um árabil.

Páll Helgason var valinn bæjarlistamaður Mosfellsbæjar 2012.

Páll var afkastamikill í tónlistarlífi landsins, þó mest í Mosfellsbæ, með þekktum útsetningum fyrir kóra og kom að stofnun fjölda kóra. Þar má nefna Álafosskórinn, Mosfellskórinn, Vorboða – kór eldri borgara í Mosfellsbæ, Landsvirkjunarkórinn og Karlakór Kjalnesinga auk endurvakningar kóra svo sem eins og Karlakórsins Svana á Akranesi og Karlakórs8ins Stefnis í Mosfellsbæ. Einnig kom hann að fleiri kórum, var t.d. stjórnandi Strætókórsins áður en hann veiktist. Blómlegt söngstarf þrífst í öllum þessum kórum í dag. Páll söng í Karlakórnum Stefni undir stjórn Lárusar heitins Sveinssonar um nokkra hríð. Þá var hann organisti í Brautarholtskirkju, Saurbæjarkirkju og Reynivallakirkju. Páll var félagi í Rótarýklúbbi Mosfellssveitar. Eftirlifandi eiginkona Páls er Bjarney S. Einarsdóttir og eiga þau þrjú uppkomin börn.



**Hugvísindaþing er tuttugu ára í ár.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Umhverfismálin eru heitt umræðuefni þetta árið

**Hugvísindaþing er haldið dagana 11. og 12. mars í tuttugasta sinn. Prófessor Steven Hartman opnar þingið. Boðið verður upp á 150 fyrirlestra í tæplega 40 málstofum.**

Hugvísindaþing, sem haldið verður dagana 11. og 12. mars í Háskóla Íslands, fagnar nú tuttugu ára afmæli. Fyrsta þingið var haldið 1996, en það hefur verið haldið hvert ár síðan 1999. Umhverfis- og loftslagsmál eru áberandi á hugvísindaþinginu í ár. „Umhverfismálin fá sérstakt vægi. Sífellt fleira hugvísindafólk lætur þau sig varða og það endurspeglar það sem er að gerast á öllum sviðum fræðasamfélagsins. Umhverfismál eru heitt umræðuefni. Fólk er orðið svolítið hrætt – hrætt um að þetta sé alvöru og að það séu að verða raunverulegar, skaðlegar breytingar á umhverfinu. Þá gerist það að fleiri vísindagreinar fara að fjalla um það,“ segir Margrét Guðmundsdóttir, verkefnisstjóri í Háskóla Íslands.

„Það var ekki að frumkvæði okkar skipuleggjaranna að þessi mál urðu í forgrunni. Við kölluðum eftir málstofum frá hugvísindafólki og það tefldi fram þessum málstofum. Það endurspeglar fyrst og fremst hversu mörgum eru þessi mál hugleikin.“



**Margrét Guðmundsdóttir, verkefnisstjóri**

Þingið verður opnað kl. 12.30 þann 11. mars í Aðalbyggingu Háskóla Íslands með fyrirlestri Stevens Hartmans prófessors um nýja framtíðarsýn umhverfishugvísinda.

Boðið verður upp á 150 fyrirlestra í tæplega 40 málstofum.

„Auk umhverfishugvísinda má nefna málstofur um framtíð íslenskunnar, sögu kvenna og hinsegin sögu, Íslendinga í Kaupmannahöfn og Vesturheimi, valdarán, vísindabyltingar, fötlun, fátækt, tungumálanám og -kennslu, áhrif nýrrar tækni og tóla í málvísindum, fornleifafræði og menningarmiðlun, samþættingu hugvísinda og læknisfræði og dægurmenningu, bókmenntir og listir frá ótal sjónarhornum, að ógleymdum sjálfum dauðanum,“ útskýrir Margrét og hvetur sem flesta til að kynna sér dagskrá hugvísindaþingsins á heimasíðu Hugvísindastofnunar Háskóla Íslands. **olof@frettabladid.is**

---



✝

Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Magnús Guðmundsson**
Kvígindisfelli, Tálknafirði,

sem lést á Heilbrigðisstofnun Patreksfjarðar þann 1. mars, verður jarðsunginn frá Tálknafjarðarkirkju laugardaginn 12. mars kl. 14.00.

**Börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Faðir, fósturfaðir, tengdafaðir og afi,

**Árni Heiðar Óskarsson**

lést þann 23. febrúar í Reykjavík. Útför hefur farið fram. Innilegar þakkir sendum við öllum sem sýndu okkur samúð og hlýhug. Kærar þakkir til starfsfólks heimahjúkrunar.

**Árni Heiðar Árnason** — **Hafdís Kjartansdóttir**
**Pétur Ragnar Árnason**
**Gréta Lind Árnadóttir** — **Hallgrímur Færseth**
**Steinunn Björk Árnadóttir** — **Guðbjörn Jóhannesson**
**Guðrún K. Gunnarsdóttir** — **Bergur Þór Arthúrsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Tómas Sigurðsson**
Viðarási 23,

